



HOFFELL Í NESJUM - UPPBYGGING HÓTELS OG BAÐSTAÐAR

Matsáætlun

31.10.2025



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

112638-MAT-001-V01

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

1/47

VERKEFNISSTJÓRI – FULLTRÚI VERKKAUPA

Magnús Orri Marínarson Schram

VERKEFNISSTJÓRI – EFLA

Ragnhildur Gunnarsdóttir

LYKILORÐ

Matsáætlun, mat á umhverfisáhrifum, Hótel, baðstaður Hoffell, Nesjar, Sveitarfélagið Hornafjörður.

STAÐA SKÝRSLU

- ☐ Í vinnslu
- ☐ Drög til yfirlustrar
- ☒ Lokið

DREIFING

- ☐ Opin
- ☒ Dreifing með leyfi verkkaupa
- ☐ Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Hoffell í Nesjum – Uppbygging hótels og baðstaðar

VERKHEITI

Hoffell

VERKKAUPI

Bláa Lónið hf.

HÖFUNDAR

Halla Kristjánsdóttir

ÚTDRÁTTUR

Bláa Lónið hf. áformar uppbyggingu á ferðapjónustu við Hoffell í Nesjum í Sveitarfélaginu Hornafirði. Áformað er að reisa hótel og baðstað með veitingaaðstöðu, auk annarrar aðstöðu tengdri útivist og ferðamennsku, svo sem gestastofu með sýningu um jarðsögu svæðisins, göngustíga og upplýsingaskilti um náttúru- og menningarminjar svæðisins.

Framkvæmdin fellur í flokk B í 1. viðauka laga nr. 111/2021 og er því háð tilkynningu til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um hvort hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdaraðili hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin fari í gegnum ferli mats á umhverfisáhrifum framkvæmda og er matsáætlun þessi fyrsta stig þess. Matsáætlun er verkáætlun komandi umhverfismats. Hún er nú kynnt almenningi, hagsmunaaðilum og lögbundnum umsagnaraðilum um fjögurra vikna skeið. Á þessu tímabili gefst almenningi tækifæri til að koma með athugasemdir við matsáætlun í gegnum Skipulagsgátt og á sama tíma mun Skipulagsstofnun leita umsagna lögbodinna umsagnaraðila.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMPYKKT	DAGS.
01	Halla Kristjánsdóttir	26.5.25	Aron Geir Eggertsson	27.5.25	Halla Kristjánsdóttir	27.5.25
02	Halla Kristjánsdóttir	27.5.25	Eva Dís Þórðardóttir Magnús Orri Marínarson Schram	2.6.25	Halla Kristjánsdóttir	3.6.25

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	8
1.1	Almennt	8
1.2	Matsferlið	9
1.2.1	Forsaga	9
1.2.2	Matsskylda framkvæmdar	10
1.2.3	Umsjón með mati á umhverfisáhrifum	10
1.2.4	Matsáætlun	11
1.2.5	Yfirlit yfir matsferlið	11
1.2.6	Kynning á matsáætlun	13
1.2.7	Tímaáætlun framkvæmdar og matsferlis	13
2	UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ	14
2.1	Staðsetning og staðhættir	14
2.1.1	Jarðfræði og jarðmyndanir	18
2.1.2	Náttúruvá	19
2.1.3	Gróður og dýralíf	19
2.1.4	Menningarminjar	22
2.1.5	Verndarsvæði	23
2.1.6	Ferðapjónusta og útivist	24
2.2	Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir	25
2.2.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	25
2.2.2	Áfangastaðaáætlun Suðurlands	25
2.2.3	Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030	26
2.2.4	Vatnaáætlun	28
2.2.5	Stefnur Vatnajökulspjóðgarðs	30
2.2.6	Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs	30
2.2.7	Deiliskipulag	31
3	UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDINA	33
3.1	Helstu upplýsingar um framkvæmd	33
3.1.1	Svæði I: Hótel og veitingapjónusta á skógarsvæði	33
3.1.2	Svæði II: Baðlón við Hoffellslón, veitingapjónusta og gestastofa	33
3.2	Framkvæmdaraðili, tilgangur og markmið	36
3.3	Mannvirki	36
3.4	Vatnstaka	37
3.5	Fráveita	38
3.6	Vegir og slóðar	39
3.7	Framkvæmdatími	39
3.8	Efnispörf	40
3.9	Leyfi sem framkvæmdin er háð	40
3.10	Valkostir	40
4	MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM	42
4.1	Umhverfispættir	42

4.2	Vistgerðir og gróður	43
4.3	Fugla- og dýralíf	43
4.4	Jarðmyndanir	44
4.5	Landslag og ásýnd	45
4.6	Samfélag, ferðapjónusta og útivist	46
4.7	Umferð	47
4.8	Vatnshlot	48
4.9	Verndarsvæði	48
4.10	Umhverfispættir sem ekki verður fjallað um í umhverfismatsskýrslu	49
4.10.1	Fornminjar	49
5	KYNNING OG SAMRÁÐ	50
5.1	Kynning á matsáætlun	50
5.2	Kynning á umhverfismatsskýrslu	50
6	HEIMILDASKRÁ	51
VIÐAUKI A FORNLEIFASKRÁNING VEGNA FRAMKVÆMDA VIÐ HOFFELLSJÖKUL		54

MYNDASKRÁ

MYND 1.1 Yfirlitsmynd af staðsetningu framkvæmdarinnar. Byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.	9
MYND 1.2 Ferli mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 111/2021.	12
MYND 2.1 Framkvæmdasvæði Hoffells ásamt svæðaskiptingu. Kort: EFLA, 2025.	15
MYND 2.2 Fyrirhugað er að staðsetja baðlón, veitingaþjónustu og gestastofu við jökulgarðinn. Á myndinni er horft til norðurs frá jökulgarðinum. Á myndinni má sjá tungu Hoffellsjökuls og Hoffellslón til vinstri og Geitafellsbjörg til hægri.	16
MYND 2.3 Horft í norðurátt í átt að Hoffellsjökli og Hoffellslóni frá jökulgarðinum.	16
MYND 2.4 Fyrirhuguð staðsetning hótels og veitingaþjónustu á skógarsvæði, horft í suðausturátt. Í bakgrunni má sjá bæjarstæði Hoffells og núverandi byggingar.	17
MYND 2.5 Fyrirhuguð staðsetning hótels og veitingaþjónustu á skógarsvæði, horft í norðvesturátt. Í bakgrunni má sjá tungu Hoffellsjökuls.	17
MYND 2.6 Berggrunnur á framkvæmdasvæði ferðaþjónustu við Hoffell. Byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands og ÍSOR. Kort: EFLA, 2025.	18
MYND 2.7 Jarðfræðikort af Geitafellseldstöðinni, [4], [5].	19
MYND 2.8 Vistgerðir á framkvæmdasvæði ferðaþjónustu við Hoffell. Byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Kort: EFLA, 2025.	20
MYND 2.9 Lítt raskað votlendi og náttúrulegt birki á framkvæmdasvæði ferðaþjónustu við Hoffell sem búa yfir sérstakri vernd samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Einnig má sjá ræktað skóglendi á kortinu, en það býr ekki yfir sérstakri vernd. Byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Landi og skógi. Kort: EFLA, 2025.	21
MYND 2.10. Skógur í Hoffelli II og jökullinn í bakgrunni.	21
MYND 2.11 Ástand fornleifa úr fornleifaskráningu sem unnin var í tengslum við framkvæmdina í mars, 2025. Byggt á gögnum frá Fornleifastofnunni. Kort: EFLA, 2025.	23
MYND 2.12 Verndarsvæði á og við framkvæmdasvæði ferðaþjónustu við Hoffell. Framkvæmdasvæðið liggur að mörkum Vatnajökulþjóðgarðs. Byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Vatnajökulþjóðgarði. Kort: EFLA, 2025.	24
MYND 2.13. Úr áfangastaðaáætlun Suðurlands.	26
MYND 2.14 Seglar og uppbygging ferðaþjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði, úr Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 [10].	27
MYND 2.15 Vatnshlot á og við framkvæmdasvæði ferðaþjónustu við Hoffell. Byggt á gögnum frá Veðurstofnunni. Kort: EFLA, 2025.	29
MYND 3.1 Staðsetning og umfang mannvirkis við jökulgarð. Svæðið sem afmarkað er með bláu táknar það svæði sem talið er fara undir mannvirki, lón og landmótun tengda framkvæmdinni. Hvíta punktalínan sýnir hvernig fyrirhugaða stærð og umfang mannvirkis gæti verið. Staðsetning mannvirkis og áhrifasvæði þess ræðst af niðurstöðum jarðvegsrannsóknna. Hér er því sett fram tillaga sem byggir á forsendum um stærðir rýma. Frekari hönnun fer fram að loknum jarðvegsrannsóknum.	35
MYND 3.3 Staðsetningar borhola, gögn frá Umhverfis- og orkustofnun. Kort: EFLA, 2025.	38
MYND 4.1 Tillögur að sjónarhornum til að meta áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd. Kort: EFLA, 2025.	45


TÖFLUSKRÁ

TAFLA 1.1 Matsskyldar framkvæmdir skv. lögum nr. 111/2010 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.	10
TAFLA 1.2 Verkefnastjórn og vinna við mat á umhverfisáhrifum fyrir ferðapjónustu við Hoffell í Nesjum.	10
TAFLA 1.3 Sérfræðiskýrslur sem unnar verða fyrir mat á umhverfisáhrifum og höfundar þeirra.	10
TAFLA 2.1 Fornleifar úr fornleifaskráningu sem unnin var af Fornleifastofunni í mars, 2025 (sjá viðauka A).	22
TAFLA 2.2. Samantekt nágildandi aðalskipulagsákvæða í og við Hoffell.	28
TAFLA 3.1 Upplýsingar um borholur í eigu Rariks þaðan sem vatn verður sótt fyrir framkvæmdina.	37
TAFLA 4.1 Tillögur að sjónarhornum og lýsing.	46

1 INNGANGUR

1.1 Almenn

Bláa Lónið áformar uppbyggingu á ferðaþjónustu við Hoffell í Nesjum í Sveitarfélaginu Hornafirði (mynd 1.1). Áformað er að reisa hótél og baðstað með veitingaaðstöðu, auk annarrar aðstöðu tengdri útivist og ferðamennsku, svo sem sýningu um jarðsögu svæðisins, göngustíga og upplýsingaskilti um náttúru- og menningarminjar svæðisins. Uppbygging baðstaðar og gistingar á jörðinni er ætlað að styrkja Suðausturland sem áfangastað ferðamanna. Nýr vinnustaður mun þannig styrkja stöðir atvinnulífs í fjölmennasta byggðakjarna sveitarfélagsins en ferðaþjónusta er önnur af meginstöðum atvinnulífs sveitarfélagsins Hornafjarðar. Hoffell er í um 20 mínútna akstursfjarlægð frá Höfn en um 70% af íbúum sveitarfélagsins búa á Höfn. Áætlað er að flest starfsfólk hótels og baða mun búa á Höfn. Reiknað er með að starfsmenn ferðaþjónustu í Hoffelli verði um 150 talsins.



MYND 1.1 Yfirlitsmynd af staðsetningu framkvæmdarinnar. Byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands.

1.2 Matsferlið

1.2.1 Forsaga

Um mitt ár 2023 festi Bláa Lónið hf. kaup á jörðinni Hoffell II í Austur-Skaftafellssýslu með það að markmiði að byggja upp ferðapjónustu á svæðinu. Samkvæmt fyrsta viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 fellur framkvæmdin undir B flokk, þ.e. framkvæmdin kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er það metið í hverju tilviki fyrir sig hvort framkvæmdir sem falla í B flokk skuli háðar mati á umhverfisáhrifum m.t.t. eðlis, staðsetningar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar. Framkvæmdin er því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana en tekin hefur verið ákvörðun um að fara með framkvæmdina beint í ferli mats á umhverfisáhrifum. Ferli mats á umhverfisáhrifum er umfangsmeira en fyrirspurn um matsskyldu. Í ferli fyrirspurnar um matsskyldu fær almenningur ekki tækifæri á að senda inn formlega umsögn um málið. Hins vegar fær almenningur tækifæri á að veita athugasemdir um framkvæmdina í ferli mats á umhverfisáhrifum. Ferli mats á umhverfisáhrifum hefur þannig kröfur um aukið samráð og opna kynningarfundir fyrir almenning sem og umsagnaraðila, sem ekki er farið fram á í ferli fyrirspurnar um matsskyldu. Með því að fara með framkvæmdina beint í ferli mats á umhverfisáhrifum verður til öflugra samtal við opinbera aðila og almenning varðandi verkáætlun umhverfismatsins og framkvæmdina alla. Það er því mat framkvæmdaaðila að betur fari að verkefnið fari í umhverfismat.

1.2.2 Matsskylda framkvæmdar

Umhverfismatið er unnið samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021. Framkvæmdin fellur undir flokk B samkvæmt lögunum og er sem áður segir tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar samkvæmt eftirfarandi töluliðum í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sjá töflu 1.1.

TAFLA 1.1 Matsskyldar framkvæmdir skv. lögum nr. 111/2010 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

1.01	Framkvæmdir til endurskipulagningar á landareignum í dreifbýli sem taka til 20 ha svæðis eða stærra	B
11.05	Skolphreinsivirki frá íbúðarbyggð eða atvinnustarfsemi, þ.m.t. stöðvum með þaulnýtnum landbúnaði með afkastagetu a.m.k. 2.000 persónueiningar utan þess sem tilgreint er í töflu 11.04. Sams konar framkvæmdir á verndarsvæðum og þar sem losað er í viðkvæman viðtaka ef afkastageta nemur a.m.k. 100 persónueiningum.	B
12.03	Þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á miðhálandinu og á verndarsvæðum á láglandi utan þéttbýlis.	B
12.04	Framkvæmdir við uppbyggingu orlofsþorpa eða hótela og tengdra framkvæmda utan þéttbýlis þar sem heildarbyggingarmagn er a.m.k. 5.000 m ² eða gestafjöldi (gistirúm) a.m.k. 200.	B

Líkt og áður segir tók framkvæmdaraðili ákvörðun um að framkvæmdin fari í fullt mat á umhverfisáhrifum.

1.2.3 Umsjón með mati á umhverfisáhrifum

Framkvæmdar- og rekstraraðili er Bláa lónið hf. Umsjón með matsvinnu er í höndum EFLU. Verkefnisstjórn matsvinnunnar annast Magnús Orri Marínarson Schram fyrir hönd Bláa Lónsins og Ragnhildur Gunnarsdóttir fyrir hönd EFLU. Verkefnahópur matsins samanstendur af fulltrúum frá Bláa Lóninu og EFLU auk utanaðkomandi sérfræðinga (tafla 1.2 og tafla 1.3). Nánar verður fjallað um sérfræðinga sem munu koma að vinnunni í umhverfismatsskýrslu.

TAFLA 1.2 Verkefnastjórn og vinna við mat á umhverfisáhrifum fyrir ferðaþjónustu við Hoffell í Nesjum.

AÐILAR	HLUTVERK	STARFSMENN
Bláa lónið	Framkvæmdaraðili/verkefnastjóri	Magnús Orri Marínarson Schram
EFLA	Verkefnisstjóri umhverfismats og ritstjóri	Ragnhildur Gunnarsdóttir
EFLA	Sérfræðingur í mati á umhverfisáhrifum og landupplýsingum	Halla Kristjánsdóttir

TAFLA 1.3 Sérfræðiskýrslur sem unnar verða fyrir mat á umhverfisáhrifum og höfundar þeirra.


AÐILAR	SÉRFRÆÐISKÝRSLA	STARFSMENN
Náttúrustofa Austurlands	Vistgerðir, fuglalíf, dýralíf	Kristín Ágústsdóttir
Fuglaathugunarstöð Suðausturlands	Fuglalíf	Brynjólfur Brynjólfsson
Fornleifafræðistofan	Fornminjar	Svavar Nielsson
EFLA	Mat á náttúruvæðingum	Unnur Þorsteinsdóttir
Náttúrustofa Suðurlands	Jarðfræðiúttekt	Snævarr Guðmundsson
EFLA	Samgöngumat	Helga Magnadóttir

1.2.4 Matsáætlun

Matsáætlun er verkáætlun matsvinnunnar. Áður en matsvinnan hefst er þessi áætlun birt og kynnt til að tryggja að allir geti komið á framfæri athugasemdum sínum við efnistöð og áherslur matsvinnunnar. Í þessari matsáætlun er gerð grein fyrir framkvæmdinni, framkvæmda- og áhrifasvæði hennar og kynntir þeir þættir sem talið er að leggja þurfti mesta áherslu á í mati á umhverfisáhrifum. Jafnframt er því lýst hvernig staðið verður að mati á áhrifum. Að lokum er fjallað um kynningu og samráð við gerð skýrslu um mat á umhverfisáhrifum.

1.2.5 Yfirlit yfir matsferlið

Aðferðin sem beitt er við mat á umhverfisáhrifum er í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og reglugerð nr. 1381/2021. Matsferlið skv. lögunum má sjá mynd 1.2. Nánari upplýsingar um matsferlið má finna á vef Skipulagsstofnunar, www.skipulag.is



MYND 1.2 Ferli mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 111/2021.

1.2.6 Kynning á matsáætlun

Matsáætlun eru nú birt til kynningar um fjögurra vikna skeið. Á þessu tímabili gefst almenningi tækifæri til að koma með athugasemdir við áætlunina auk þess sem leitað verður umsagna lögbundinna umsagnaraðila. Athugasemdir við matsáætlun skulu berast skriflega til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, eða á netfangið skipulag@skipulag.is. Þá er einnig hægt að skila umsögnum í gegnum Skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is.

1.2.7 Tímaáætlun framkvæmdar og matsferlis

Áætlað er að umhverfismatsskýrsla verði send til athugunar Skipulagsstofnunar í febrúar 2026 og að álit Skipulagsstofnunar geti legið fyrir í fyrsta lagi í júní 2026. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist um 3-6 mánuðum eftir að öll leyfi liggja fyrir og er gert ráð fyrir að það verði á haustmánuðum 2026. Gera má ráð fyrir að framkvæmdartími verði um 18-24 mánuðir. Nánar er fjallað um framkvæmdatíma í kafla 3.7.

2 UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ


2.1 Staðsetning og staðhættir

Framkvæmdasvæðið er í Sveitarfélaginu Hornafirði, við Hoffellsfjall, í um 19 km fjarlægð frá Höfn. Framkvæmdasvæðið liggur við mörk Vatnajökulsþjóðgarðs, skammt frá er skriðjökullinn Hoffellsjökull og við enda hans er Hoffellslón.

Um er að ræða uppbyggingu á tveimur svæðum innan framkvæmdasvæðisins:

- Svæði I: Hótel og veitingaþjónusta á skógarsvæði.
- Svæði II: Baðlón við Hoffellslón með búningsklefum, stoðrymum, veitingasölu og sýningarhaldi/gestastofu.

Framkvæmdasvæðið og svæðaskiptingu innan þess má sjá á mynd 2.1. Svæðaskiptingin táknar grófa afmörkun á því svæði sem kemur til greina fyrir uppbyggingu mannvirkja innan framkvæmdarsvæðisins. Endanleg staðsetning mannvirkja innan þessara svæða verður ákveðin í samræmi við niðurstöður jarðvegsrannsókna. Kortið sýnir því ekki nákvæma staðsetningu mannvirkja, heldur það svæði sem mögulega verður fyrir valinu innan framkvæmdarsvæðisins.



MYND 2.1 Framkvæmdasvæði Hoffells ásamt svæðaskiptingu. Kort: EFLA, 2025.

Fyrirhugaða staðsetningu baðlóns, veitingaþjónustu og gestastofu við jökulgarð má sjá á myndum 2.2 og 2.4.



MYND 2.2 Fyrirhugað er að staðsetja baðlón, veitingaþjónustu og gestastofu við jökulgarðinn. Á myndinni er horft til norðurs frá jökulgarðinum. Á myndinni má sjá tungu Hoffellsjökuls og Hoffellslón til vinstri og Geitafellsbjörg til hægri.



MYND 2.3 Horft í norðurátt í átt að Hoffellsjökli og Hoffellslóni frá jökulgarðinum.

Fyrirhugaða staðsetningu hótels og veitingaþjónustu á skógarsvæði má sjá á mynd 2.4 og mynd 2.5.



MYND 2.4 Fyrirhuguð staðsetning hótels og veitingaþjónustu á skógarsvæði, horft í suðausturátt. Í bakgrunni má sjá bæjarstæði Hoffells og núverandi byggingar.




MYND 2.5 Fyrirhuguð staðsetning hótels og veitingaþjónustu á skógarsvæði, horft í norðvesturátt. Í bakgrunni má sjá tungu Hoffellsjökuls.


2.1.1 Jarðfræði og jarðmyndanir

Framkvæmdasvæðið er staðsett við Hoffell og Hoffellslón í Nesjum í um 50-60 m hæð yfir sjávarmáli. Jökultunga Hoffellsjökuls skagar langt út úr Vatnajökli, 7-10 km eftir því hvoru megin er mælt, og endar í miklu jökullóni. Um 20 m hár jökulgarður er milli jökullóns og dalverpisins. Úr Hoffellsfjalli (473 m y.s.) ganga gil og skorningar til austurs og vesturs. Skörp skil eru milli fjall- og flatlendis en víðfeðmir sandar og skriðukeilur taka við af bröttum fjallshlíðum. Sandarnir hafa sest til úr Austurfljóti sem á upptök sín í Hoffellslóni. Aurkeilur ganga úr Melagili, Miðfellsgili og Kráksgili og um þessa sanda liggur vegurinn frá Hoffelli og inn að Hoffellslóni. Gabbró er einkennandi steintegund á svæðinu og stendur framkvæmdasvæðið að mestu á blágrýti sem er eldra en 3,3 milljón ára (mynd 2.6). Í Geitafelli má sjá gabbró-innskot [1]. Í Hoffelli er heitt vatn í jörðu og eru þar heitir pottar í dag. Framkvæmdasvæðið er í miðri öskju Geitafellseldstöðvarinnar (mynd 2.7).

Í lok ísaldar gekk sjór upp að Hoffellsjökli. Ummerki um hærri sjávarstöðu hafa fundist í allt að 40 m h.y.s [2] og er talið að sjór hafi náð langt inn fyrir Hoffell. Sæskeljar, rostungstennur og kuðungar hafa fundist í jökulurðinni [3].



MYND 2.6 Berggrunnur á framkvæmdasvæði ferðapjónustu við Hoffell. Byggt á gögnum frá Landmælingum Íslands og ÍSOR. Kort: EFLA, 2025.



MYND 2.7 Jarðfræðikort af Geitafellseldstöðinni, [4], [5].

2.1.2 Náttúruvá


Jarðfræðingar hjá EFLU hafa unnið skýrslu um náttúruvá á framkvæmdasvæðinu. Skýrslan byggir á fyrirbyggjandi gögnum, m.a. um jarðfræði svæðisins, jöklunarsögu, veðurfari á svæðinu og heimildum um ofanflóð og vatnsflóð. Einnig var landhalli reiknaður í landupplýsingakerfi. Svæðinu var skipt niður í þrennt með tilliti til náttúruvár þar sem mismunandi náttúruvá á við um hvert svæði fyrir sig. Við jökuljaðarinn er svæðið síbreytilegt og hætta metin út frá þeim forsendum. Við Hoffell er önnur hætta til staðar, þar sem svæðið er við rætur brattrra fjalla og líkur á ofanflóði meiri en við jökuljaðarinn. Samantekt ofangreindra upplýsinga er forsenda þess að yfirvöld og vöktunaraðilar geti brugðist rétt við ef náttúruvá steðjar að. Í umhverfismatsskýrslu verður greint frá niðurstöðum skýrslunnar og helstu náttúruvá á svæðinu, s.s. ofanflóðahættu, hættu af árflóðum, veðurfari, náttúruvá í jöklaumhverfi og samspili þessara þátta. Framkvæmdin er ekki talin til þess fallin að hafa áhrif á náttúruvá á svæðinu og því verður náttúruvá ekki hluti þeirra umhverfisþátta sem lagt verður mat á í umhverfismatinu.

2.1.3 Gróður og dýralíf


Framkvæmdasvæði Hoffells einkennist helst af eyrum og skóglendi. Á mynd 2.8 má sjá vistgerðir á framkvæmdasvæðinu. Náttúrulegt birki er á svæðinu (mynd 2.9) sem býr yfir sérstakri vernd samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Náttúrulega birkið er allt frá 0-100 ára. Á svæðinu má einnig finna lítt raskað votlendi sem einnig býr yfir sérstakri vernd. Á suðurhluta svæðisins er

ræktaður skógur (mynd 2.9 og mynd 2.10). Mest ber á birki í ræktaða skóginum en einnig er að finna aspir, greni, furur, lerki og reynitré.

Í birkikjarrinu við Geitafell hafa fundist sjaldgæfar tegundir flétta svo sem birkiskeggi (*Bryoria fuscescens*) flatpemba (*Hypogymnia tubulosa*), gullinvarp (*Vulpicida pinastri*), kvistaskegg (*Bryoria simplicior*) og næfurskóf (*Platismatia glauca*) [1]. Bergsteinsbrjótur (*Saxifraga paniculata*) hefur einnig fundist við Geitafell sem er sjaldgæf háplanta. Klettaborkni (*Asplenium viride*) hefur fundist í Hoffellsdal.



MYND 2.8 Vistgerðir á framkvæmdasvæði ferðapjónustu við Hoffell. Byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Kort: EFLA, 2025.



MYND 2.9 Lítt raskað votlendi og náttúrulegt birki á framkvæmdasvæði ferðaþjónustu við Hoffell sem búa yfir sérstakri vernd samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Einnig má sjá ræktað skóglendi á kortinu, en það býr ekki yfir sérstakri vernd. Byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Landi og skógi. Kort: EFLA, 2025.



MYND 2.10. Skógur í Hoffelli II og jökullinn í bakgrunni.

Tófur, hagamýs og hreindyr eiga athvarf í Hoffellsfjöllum sem og fuglar. Algengt er að sjá spörfugla á svæðinu s.s. auðnutittlinga, skógarpresti, snjótittlinga, hrafna, steindepla, músarrindla og maríuerlur. Þar sjást líka rjúpur, heiðlóur, grágæsir og fýlar. Vatnajökulspjóðgarður er einnig flokkaður sem mikilvægt fuglasvæði vegna ríkulegs fuglalífs en helstu fuglategundir eru heiðagæs og fálki [6].

2.1.4 Menningarminjar


Í tengslum við framkvæmdina var fornleifafræðingur frá Fornleifastofunni fenginn til að skrá fornleifar á framkvæmdasvæðinu í mars, 2025. Niðurstöður fornleifaskráningar má sjá í töflu 2.1, á mynd 2.11 og í viðauka A.

TAFLA 2.1 Fornleifar úr fornleifaskráningu sem unnin var af Fornleifastofunni í mars, 2025 (sjá viðauka A).

TEGUND	HEITI	HÆTTA	ÁSTAND	ALDUR	MINJAGILDI	HNIT
Tóft	-	Ekkert	Ágætt	1800-1950	Lítið	E 676407.3, N 438021.7
Heimild	Húsberg	Ekkert	Horfið	800-1900	Lítið	E 673699.5, N 440310.4
Heimild	Geithús	Ekkert	Horfið	800-1900	Lítið	E 675683.5, N 438575.3
Heimild	Stekkatún	Ekkert	Horfið	800-1900	Lítið	E 676047.5, N 437923.4
Heimild	Þvottadý	Ekkert	Horfið	800-1900	Lítið	E 676206.4, N 437919.6
Heimild	Litla-Baðstofa	Ekkert	Ágætt	800-1900	Lítið	E 675202.7, N 439331.0
Heimild	Kvíaklettur	Ekkert	Ágætt	800-1900	Lítið	E 675443.6, N 439253.3
Heimild	Fremri-Kvíaklettur	Ekkert	Ágætt	800-1900	Lítið	E 675375.9, N 439242.0
Heimild	Merkisteinn	Ekkert	Ágætt	1900-1950	Lítið	E 673429.2, N 440322.1

Um þær fornleifar sem ekki eru horfnar segir enn fremur í fornleifaskránni:

- Tóft: Fremur ungleg tóft. Tóftin er byggð upp við klett en sjá má bárujárn sem liggur í henni. Tóftin er að öðru leiti byggð með torfi og grjóti. Tóftin er um 4 m að lengd og um 3 m að breidd.
- Litla-Baðstofa: Samkvæmt örnefnaskrá er skúti staðsettur undir klettum Hoffellsfjalls en þessi skúti er með nafnið Litla-Baðstofa. Aldur örnefnisins er óviss og erfitt er að meta hvort telja eigi þetta örnefni til fornminja.
- Kvíaklettur: Klettur staðsettur í Hoffellsfjalli en ástæða fyrir nafngift hans mun vera sú að hann er talinn vera í laginu eins og kví.
- Fremri-Kvíaklettur: Klettur staðsettur í Hoffellsfjalli en ástæða fyrir nafngift hans mun vera sú að hann er talinn vera í laginu eins og kví.
- Merkisteinn: Steinn sem var nefndur Merkisteinn þegar Helgi Hermann Eiríksson (1890-1974) byrjaði á jökulmælingum á þessu svæði. Aldur steinsins er óræður.



MYND 2.11 Ástand fornleifa úr fornleifaskráningu sem unnin var í tengslum við framkvæmdina í mars, 2025. Byggt á gögnum frá Fornleifastofunni. Kort: EFLA, 2025.


2.1.5 Verndarsvæði

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur upp að mörkum Vatnajökulþjóðgarðs (mynd 2.12). Vatnajökulþjóðgarður er alls 14.000 km² og var skráður á heimsminjaskrá UNESCO sumarið 2019 [7]. Um þjóðgarðinn gilda lög nr. 60/2007. Markmið verndunar Vatnajökulþjóðgarðs samkvæmt lögunum er að vernda náttúru svæðisins, svo sem landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar, gefa almenningi kost á að kynnst og njóta náttúru og sögu svæðisins. Stuðla að rannsóknum á svæðinu, fræðast um það og ýta undir aukinn skilning almennings á gæðum og sérstöðu svæðisins sem og að leitast við að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins, m.a. með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins. Um þjóðgarðinn gildir einnig stjórnunar- og verndaráætlun, fjallað er nánar um áætlunina í kafla 2.2.6.

Vatnajökulspjódgarður er á heimsminjaskrá UNESCO og mikilvægt er að framkvæmdir í Hoffelli hafi ekki neikvæð áhrif á stöðu pjódgarðsins. Bláa Lónið hefur nú þegar fundað með stjórnendum pjódgarðsins og svæðisráði hans og lagt fram óskir um samráð og samstarf. Bláa Lónið mun halda áfram að leita eftir samráði við pjódgarðinn um leiðir til að nýta uppbyggingu í Hoffelli til jákvæðrar þróunar.

Umhverfi Hoffellsjökuls er einnig á C-hluta náttúruminjaskrár (nr. 631) (mynd 2.12). Um svæðið stendur á vef Náttúruverndarstofnunar [8]:

631. Umhverfi Hoffellsjökuls, Hornafjarðarbæ (áður Mýrahóli), A-Skaftafellssýslu. (1) Viðborðsdalur norðaustan undir Viðborðsfjalli og Sandmerkurheiði austur að línu úr Selhvammi um Svínafellsfjall í Miðfell. Til norðurs ráða vatnaskil inn að Goðaborg. (2) Stórbrótið landslag umhverfis skriðjökul. Kjarrlendi, jarðhitavottur er í Vandræðatungum. Jaðarlón framan við Svínafellsjökul, minjar um hopun jökuls. Djúpberg í Svínafellsfjalli og Geitafelli.



MYND 2.12 Verndarsvæði á og við framkvæmdasvæði ferðapjónustu við Hoffell. Framkvæmdasvæðið liggur að mörkum Vatnajökulspjóðgarðs. Byggt á gögnum frá Náttúrufæðistofnun Íslands og Vatnajökulspjóðgarði. Kort: EFLA, 2025.

2.1.6 Ferðapjónusta og útivist

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er í 19 km fjarlægð frá Höfn í Hornafirði, sem er næsti þéttbýlisstaður. Hoffellsjökull, Hoffellslón eru Geitafell/Efstafellsgil eru skilgreind sem áhugaverðir viðkomustaðir af Ferðamálastofu [9]. Á loftmyndum má sjá göngustíga um svæðið við lónið, jökulgarðinn og upp á Geitafell. Hoffellssvæðið er vinsæll viðkomustaður ferðamanna og eru þar bílastæði, upplýsinga- og fræðsluskilti, auk viðvörunarskiltis um jöklaferðir. Hoffellsjökull er skilgreindur sem lykilstaður í ferðapjónustu í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 [10]. Nánar er fjallað gildandi aðalskipulag í kafla 2.2.3.

Hreindýraveiði er heimil á Hoffellssvæðinu [11]. Á láglendi Hoffellssvæðisins er gisting utan merktra tjaldsvæða óheimil samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs [11]. Í áætluninni er Hoffellssvæðið skilgreint sem göngusvæði og ekki gert ráð fyrir annarri starfsemi á svæðinu.

2.2 Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

2.2.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í gildi er landsskipulagsstefna ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028 [12]. Í stefnunni eru sett fram þrjú markmið stjórnvalda í skipulagsmálum, sem öll byggja á sjálfbærri þróun: A. Markmið um vernd umhverfis og náttúru, B. Markmið um velsæld samfélags og C. Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf. Undir hverju markmiði eru settar fram áherslur ásamt tilmælum um framfylgd þeirra fyrir skipulagsgerð. Sveitarfélög skulu byggja á stefnunni við gerð skipulagsáætlana. Þær áherslur sem helst varða framkvæmdina sem lýst er í þessari matsáætlun eru:

Áhersla C.7: Skipulag um uppbyggingu ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.

3. *Við skipulagsgerð í dreifbýli verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu.*
4. *Í skipulagi verði hugað að varðveislu landslags, bæði náttúrulegs og manngerðs, sem aðdráttarafls fyrir ferðamenn. (D)*
5. *Skipulagsákvæðanir um ferðaþjónustu og ferðamannastaði byggist á gögnum um þolmörk náttúru, innviða, ferðamanna, samfélags og efnahags. (D)*
6. *Uppbygging ferðaþjónustu miði að því að nýtast jafnt íbúum á svæðinu og ferðamönnum. (D, Þ)*
7. *Skipulagsákvæðanir um uppbyggingu ferðaþjónustu og ferðamannastaða taki mið af áfangastaðaáætlunum landshlutanna. (D, Þ, H)*
8. *Við skipulagsgerð í þéttbýli verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda svæða með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. (Þ)*
10. *Skipulagsákvæðanir um uppbyggingu ferðaþjónustu og ferðamannastaða byggist eins og kostur er á gögnum um þolmörk innviða, ferðamanna, samfélags og efnahags. Sérstaklega sé hugað að áhrifum ferðamennsku á húsnæðismarkað og þjónustuframboð. (Þ)*

2.2.2 Áfangastaðaáætlun Suðurlands

Áfangastaðaáætlun er heildstæð áætlanagerð með ferðaþjónustu sem útgangspunkt (mynd 2.13). Áætlunin fyrir Suðurland var unnin af Markaðsstofu Suðurlands og nýjasta útgáfa er frá árinu 2023 [13]. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að ábyrgri ferðaþjónustu með sjálfbærni að leiðarljósi sem styrkir efnahag samfélaga, bætir lífsgæði íbúa og upplifun ferðamanna en dregur úr mögulega neikvæðum áhrifum frá ferðaþjónustu.

2.10. Jöklar og lón

Jöklar og jökullón eru eitt af lykileinkennum Suðurlands. Eitt einkunnarorða Suðurlands er hreinleiki sem kallast á við jöklana. Hér eru helstu jöklar og jökullón Suðurlands listað upp, listinn er ekki tæmandi heldur gerður til að sýna dæmi um fjölbreytileika á Suðurlandi.




MYND 2.13. Úr áfangastaðaáætlun Suðurlands.

Hoffell er á austurmörkum áfangastaðaáætlunar Suðurlands og tilheyrir Ríki Vatnajökuls í stefnunni. Hoffells er sérstaklega getið á lista með helstu jöklum og jökullónum Suðurlands, það er tilgreint sem jarðhitasvæði og á lista með helstu gönguleiðum Suðurlands. Stefnunni fylgir sérstakur viðauki (4) um Ríki Vatnajökuls [14]. Þar er m.a. fjallað um ógnir og tækifæri í Ríki Vatnajökuls og settur fram listi með tækifærum og hugmyndum að aðgerðum. Nefndir eru þættir eins og samstarf ferðapjónustuaðila og Vatnajökulspjódgarðs, metnaðarfullar sýningar og söfn, menntun fagfólks í greininni, hæglætisferðamennska og aðgerðir til að lengja dvöl gesta, hrein og óspillt náttúra, bæta göngu og hjólaleiðir og fjölbreytt vöruþróun í ferðamennsku.

2.2.3 Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Í gildi er Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, staðfest 18.09.2014 með síðari breytingum [10]. Aðalskipulagið markar stefnu um „megin-segla“ sem ferðapjónustan byggist upp í kringum og er Hoffell einn af þeim, sjá mynd 2.14. Stefna skipulagsins er að gera almenningi fært að njóta náttúru og menningar á þessum svæðum, bregðast við álagi, vekja athygli á fleiri stöðum en þeim mest sóttu, og dreifa umferð. Um segulinn Hoffell / Núpur / Hoffellsdalur / Nes er greint frá uppbyggingu ferðapjónustu í Nesjahverfi og á innbæjum í Nesjum, jaðarstöð í Hoffelli, áningarstaðir í Geitafelli, Núpum, Hoffellsdal og Horni.



MYND 2.14 Seglar og uppbygging ferðapjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði, úr Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 [10].

Stefnu um ferðapjónustu er að finna í aðalskipulagsbreytingu staðfestri árið 2020; Endurskoðun stefnu um uppbyggingu til ferðapjónustu og stakar framkvæmdir á landbúnaðar- og óbyggðum svæðum [15].

Stefna aðalskipulagsins er að ferðapjónustan í sveitum Hornafjarðar verði eflð og eftir atvikum samþætt landbúnaði. ... Þar sem umfangsmeiri starfsemi er áformuð, skal skilgreina landnotkun sem „verslunar- og þjónustuvæði.“

Um verslun og þjónustu segir í sömu breytingu:

Vaxtarbroddur í verslun og þjónustu í sveitarfélaginu er einkum á sviði ferðapjónustu, og mikil eftirspurn (er) eftir gistingu. Ferðapjónustufyrirtæki eru hvött til að miðla til gesta umhverfisáherslum sveitarfélagsins, upplýsingum um flokkun sorps og umgengni um náttúru landsins. Áhersla er lögð á að halda reiðu á fjölgun gistirýma og staðsetningu þeirra, meðan fjallað er um heimildir til annarrar uppbyggingar með almennari hætti. Þar sem fjallað er um gistirými í skipulaginu er almennt miðað við að eitt gistirými rúmi tvo næturgesti nema annað sé tekið fram.

Landnotkun á framkvæmdasvæðinu er að stærstum hluta landbúnaðarsvæði en utan í jökuljaðrinum er skilgreint óbyggt svæði. Í og við Hoffell eru skilgreind verslunar- og þjónustusvæði, frístundabyggð, afþreyingar- og ferðmannasvæði, og iðnaðarsvæði fyrir hitaveitu, sjá eftirfarandi töflu:

TAFLA 2.2. Samantekt nágildandi aðalskipulagsákvæða í og við Hoffell.

VP 13	Hoffell / Miðfell. Ferðapjónusta, gisting og greiðasala, upplýsingamiðstöð. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 20 gistirými. Í Hoffelli er bændakirkja. Uppbygging vegna kirkjustarfsins heimil. Svæðisafmörkun ~ 10ha.		
VP 45	Birkifell. Ferðapjónusta, gisting. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 20 gestir. Hringtákn ~ 3,5ha		
F 12	Hoffell / Miðfell – hringtákn ~ 2ha.		2 lóðir
AF 8	Geitafell – hringtákn ~ 1ha.	Áningarstaður, sbr. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.	
I 8	Hitaveita í landi Hoffells og Miðfells – Mannvirki og starfsemi tengd hitaveitu, Stærð allt að 17 ha.		
Vegur að Hoffellsjökli			
		(Ekki innan þjóðgarðs). Bílastæði og skilti við enda vegarins. Núverandi ástand er F2. Veghald óljóst og viðhaldi ábótavant, en ákjósanlegt vegna ferðamennsku að vegurinn verði í því ástandi að geta flokkast sem F1.	F2


Samhliða vinnu við umhverfismat er unnið að breytingu á aðalskipulagi og nýjum deiliskipulagsáætlunum vegna framkvæmdarinnar og var skipulagslýsing birt í Skipulagsgátt í upphafi árs 2025. Sveitarfélagið Hornafjörður vinnur nú að endurskoðun aðalskipulags og lauk kynningu vinnslutillögu þann 28. ágúst, 2025. Í greinargerð vinnslutillögunnar er vísað til skipulagslýsingarinnar og sagt að staða máls verði uppfærð áður en gengið verði frá aðalskipulagstillögu til auglýsingar. Í umsögn sinni við vinnslutillöguna óskaði Bláa Lónið eftir heimildum í aðalskipulagi sem tryggja uppbyggingu fjölbreyttrar ferðapjónustu í Hoffelli.

2.2.4 Vatnaáætlun

Markmið laga um stjórn vatnamála nr. 26/2011 er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Lögunum er jafnframt ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtíma vernd vatnsauðlindarinnar. Unnin var vatnaáætlun, aðgerðaráætlun og vöktunaráætlun til að ná fram markmiðum laganna [16]. Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Til að greina ástand vatns hefur það verið afmarkað í samanburðarhæfar stjórnsýslueiningar auk þess að fá tiltekið raðnúmer. Vatnshlot eru flokkuð í yfirborðsvatnshlot (straum-, stöðu-, árósa- og strandsjávarvatnshlot) og grunnvatnshlot. Liður í því að ná umhverfismarkmiðum fyrir vatnshlotin er að greina álag á vatn um allt land og flokka vatnshlotin eftir álagi, þ.e. í hættu eða í óvissu um að ná umhverfismarkmiðum sínum. Umhverfismarkmið laga stjórnar vatnamála er að öll yfirborðsvatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi og skulu grunnvatnshlot vera í góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu.

Vatnshlot á og við framkvæmdasvæðið má sjá á mynd 2.15.



MYND 2.15 Vatnshlot á og við framkvæmdasvæði ferðaþjónustu við Hoffell. Byggt á gögnum frá Veðurstofunni. Kort: EFLA, 2025.

Framkvæmdasvæðið er innan grunnvatnshlotsins Austfirðir (nr. 102-292-G). Magnstaða og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins hefur ekki verið metið [17]. Staðbundið álag er skráð á vatnshlotið vegna sorpstöðvar Hafnar á mel í landi Fjarðar. Norðaustan skipulagssvæðisins renna þrjár ár úr Geitafellsgili, Miðfellsgili og Kráksfallsgili og sameinast í eina á sem rennur um skipulagssvæðið. Þessar ár eru flokkaðar í straumvatnshlotin Austurfljót/Suðurfljót (nr. 103-1238-R) og Krákgilsá (nr. 103-1116-R). Vistfræðilegt ástand beggja straumvatnshlotanna er metið mjög gott út frá líkindum en þörf er á gögnum til þess að staðfesta ástandflokkun [18] [19]. Efnafræðilegt ástand straumvatnshlotanna er óþekkt og hafa þau ekkert skráð álag.

Þegar óvissa er um hvort umhverfismarkmiðum verður náð eru settar fram aðgerðir í aðgerðaáætlun til að skera úr um hvort slík hættu sé fyrir hendi eða ekki og aðgerðir til að halda vatni almennt í góðu ástandi um allt land. Vöktunaráætlun hefur þann tilgang að samræma vöktun vatns og afla gagna til að meta ástand vatns á landsvísu en töluvert vantar upp á að gögn séu til staðar til að hægt sé í raun að meta ástand vatnsauðlindarinnar. Í vöktunaráætlun er jafnframt fylgst með áhrifum þeirra aðgerða sem farið er í til að bæta eða viðhalda ástandi vatns.

Meta þarf áhrif framkvæmdarinnar við Hoffell og starfsemi á vatnshlot eftir leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar [20], sjá kafla 4.8.

Hoffellslón er ekki skráð sem vatnshlot en það býr yfir sérstakri vernd samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

2.2.5 Stefnur Vatnajökulspjóðgarðs

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs samþykkti árið 2021 stefnu fyrir þjóðgarðinn sem gildir til 2025 [21]. Meginmarkmið úr stefnu Vatnajökulspjóðgarðs varða verndun, upplifun, sköpun og stjórnun. Markmiðin eru eftirfarandi:

- Verndun: Að vernda náttúru og minjar og viðhalda gæðum og sérstöðu þjóðgarðsins samhlíða því að veita aðgengi með sjálfbærni að leiðarljósi. Að hafa samráð við hagsmunaaðila um aðgengi og fræðslu og hafa til hliðsjónar hefðir, menningu og almannarétt. Að viðhalda stöðu þjóðgarðsins á Heimsminjaskrá UNESCO.
- Upplifun: Markmið: Að þjónusta og fræðsla stuðli að framúrskarandi upplifun gesta er sækja þjóðgarðinn heim. Að heimamenn telji það til aukinna gæða að búa í nágrenni við þjóðgarðinn.
- Sköpun: Að gæta sérstaklega að sjálfbærri þróun og þjónustuupplifun við áfangastaðastjórnun einstakra og fjölsótttra staða. Að vinna með áhugasömum aðilum að jákvæðri þróun þjóðgarðs, lengri dvalartíma gesta, efla menningu, viðskipti og efnahagslegan ávinning fyrir samfélag.
- Stjórnun: Að gæta sérstaklega að sjálfbærri þróun og þjónustuupplifun við áfangastaðastjórnun einstakra og fjölsótttra staða. Að vinna með áhugasömum aðilum að jákvæðri þróun þjóðgarðs, lengri dvalartíma gesta, efla menningu, viðskipti og efnahagslegan ávinning fyrir samfélag.

Um þjóðgarðinn gildir einnig Atvinnustefna Vatnajökulspjóðgarðs frá 2019 [22]. Þar segir m.a. að Vatnajökulspjóðgarður vill eiga gott samstarf við atvinnulífið og hafa eftirfarandi meginreglur í heiðri:

- Leitast er við að örva alla atvinnustarfsemi í Vatnajökulspjóðgarði eða í nágrenni hans ef hún samrýmist markmiðum hans, er viðeigandi með hliðsjón af sérstöðu þjóðgarðsins eða svæða innan hans og í samræmi við lög, reglugerð, stjórnunar- og verndaráætlun og önnur fyrirmæli sem við geta átt.

2.2.6 Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs

Um Vatnajökulspjóðgarð gildir stjórnunar- og verndaráætlun (3. útgáfa) sem tók gildi 5. júlí, 2022 og er aðalstjórnartæki þjóðgarðsins [11]. Í áætluninni er sett fram stefna um Vatnajökulspjóðgarð, náttúruvernd, útivist og byggðapróun. Hoffellsvæðið er flokkað undir verndarflokk VI en þar er hefðbundin landnýting heimil skv. reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð nr. 300/2020. Áhersla er lögð á sjálfbæra landnýtingu náttúrulegra vistkerfa í tengslum við landbúnað og ferðaþjónustu [11].

Um Hoffellsvæðið segir sérstaklega í áætluninni:

- Forsendur: Hluti af fjalllendinu austan við Hoffellsjökul er innan þjóðgarðsins. Framan við jökulinn hefur myndast djúpt lón eftir að jökullinn fór að hörfa og er það vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Þar er bílastæði, upplýsinga- og fræðsluskilti, auk viðvörðunarskiltis um jöklaferðir. Bílastæðið er utan þjóðgarðsmarka. Krefjandi gönguleiðir eru um hrikaleg gil og tignarleg fjöll. Skóglendi er við Hoffellsjökul og þar eru meðal annars búsvæði sjaldgæfra háplantna og fléttutegunda.
- Markmið: Helsti áningarstaður á Hoffellssvæði verði við Hoffellslón fyrir framan Hoffellsjökul. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu göngustíga og stækkun bílastæðis í samstarfi við

landeigendur. Uppbygging salernisaðstöðu verði fjær áningarstaðnum og í samráði við landeigendur.

Eftirfarandi skilmálar gilda um svæðið:

- Áningarstað við Lónið neðan öldunnar, með bílastæði og salernisaðstöðu.
- Helstu göngu- og reiðhjólaleiðir innan svæðisins og tengingar út fyrir það.
- Gönguskála undir Gjánúpi (á vegum landeiganda).
- Miðstöð ferðapjónustu við enda vegar upp úr Hoffellsdal. Miðstöðin verði tengd við núverandi veg inn dalinn, verði hann framlengdur að þjóðgarðsmörkum, enda liggi fyrir samþykkt sveitarstjórnar og umsögn Umhverfisstofnunar til að framlengja núverandi veg landeigenda úr Hoffellsdal þangað.
- Hoffellssvæðið er skilgreint sem göngusvæði og því er ekki gerð ráð fyrir annarri starfsemi á svæðinu.

Á Hoffellssvæðinu gilda einnig ákvæði um jaðra skriðjökla:

- Forsendur: Við jaðra skriðjökla má finna margvíslegar jökulminjar sem vitna um rof og setframburð jökla og jökulvatna og hop og framrás jökla vegna loftslagsbreytinga eða framhlaupa. Meðal slíkra minja eru jökulgarðar, jökulsandar, jökulker, malarásar, hvalbök, jökulrákir og jökulgarðar. Nokkrir skriðjökla og jaðarsvæði þeirra eru alveg eða að miklu leyti innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Jökulminjar við jaðra skriðjökla eru sérstaklega viðkvæmar fyrir röskun vegna þess að jarðlög eru laus í sér og í þeim er oft ís og aurbleyta.
- Markmið: Að vernda jökulminjar sem vitna um rof og setframburð jökla, hop þeirra og framrás og framrennsli jökulvatns, svo sem hvalbök, jökulrákir, malarása, jökulgarða, jökulsanda, jökulker, forna farvegi jökulánna og strandlínur í jökullónum.

Við jaðra skriðjökla er óheimilt að valda skemmdum á viðkvæmum jökulminjum og spilla ásýnd við jaðra skriðjökla, til dæmis við lagningu vega, göngustíga og annarra mannvirkja samkvæmt áætluninni.

Um grannsvæði þjóðgarðsins segir einnig í áætluninni:

Grannsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs eru þau svæði sem liggja að þjóðgarðinum, eru sýnileg frá honum eða eru hluti af landslags- eða vistheild hans. Mikilvægt er að umferð, starfsemi og framkvæmdir á grannsvæðum þjóðgarðsins taki mið af nálægð við þjóðgarðinn og að þar sé gætt ýtrustu varúðar svo að náttúra þjóðgarðsins spillist ekki né heldur upplifun gesta hans. Sé um að ræða starfsemi eða framkvæmdir á grannsvæðum þjóðgarðsins, sem leyfisskyldar eru samkvæmt lögum, er mikilvægt að leita umsagnar stjórnar þjóðgarðsins áður en leyfi er veitt.

2.2.7 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu og unnar verða nýjar deiliskipulagsáætlanir fyrir svæðið. Í næsta nágrenni er samþykkt deiliskipulag:

- Hitaveita í landi Hoffells. Staðfest 16.01.2020

Unnið er að nýju deiliskipulagi samhliða vinnu við mat á umhverfismati. Endanleg mörk skipulagsáætlana verða ákveðin í samráði við hagaðila á vinnslustigi skipulagsáætlanna.

3 UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMDINA

3.1 Helstu upplýsingar um framkvæmd

Uppbyggingin fer fram á tveimur svæðum innan framkvæmdasvæðisins. Annars vegar er um að ræða baðlón, búningsklefar, veitingasala og jöklasýning við Hoffellslón og hins vegar allt að 120 herbergja hótél á skógræktarsvæði. Núverandi byggingar á svæðinu verða endurnýttar í nýju hlutverki sem t.d. starfsmannaíbúðir.

Vinna við hönnun framkvæmdarinnar stendur nú yfir og mun verkefnið þróast samhliða vinnu við mat á umhverfisáhrifum. Við endanlega útfærslu á mannvirkjum og staðsetningum þeirra verður tekið tillit til niðurstaðna rannsókna í tengslum við umhverfismatið.

3.1.1 Svæði I: Hótél og veitingaþjónusta á skógarsvæði

Á skógræktarsvæðinu, vestur undir Hoffellsfjalli, verður byggð upp hótélgisting og veitingaþjónusta. Fjöldi gistiherbergja verður allt að 120.

3.1.2 Svæði II: Baðlón við Hoffellslón, veitingaþjónusta og gestastofa


Böðin við Hoffellslón verða einstakur baðstaður upp við lónið þar sem gestir geta upplifað allt í senn; heitar laugar, Hoffellsjökul, Hoffellslón og Vatnajökull. Böðin verða opin almenningi. Þar verður bygging sem verður felld inn í landslagið eins og best verður á kosið. Færustu hönnuðir verða fengnir til hönnunar baðstaðarins sem er ætlað að verða bygging á heimsvísu og nýtt kennileiti í ferðaþjónustu Íslands. Í deiliskipulagsskilmálum verður gerð krafa um vandað útlit mannvirkja og lóðar og gæta skal samræmis í heildaryfirbragði bygginga á svæðinu. Í byggingunni verður móttaka, sýningarhald, verslun, almenn veitingaþjónusta, baðlaugar og búningsklefar með 400-600 skápum. Einnig verður þar gestastofa með sýningarhaldi og fræðslu um Hoffellssvæðið og Hoffellsjökul. Fyrirhugað er að vera með fræðslusýningu um jökla, rénun þeirra og loftslagstengdum málefnum því tengdu. Áætluð staðsetning baðlónsins er sýnd á mynd 3.1.

Bygging baðlónsins er fyrirhuguð norðan megin við jökulgarðinn til þess að halda bæði ásýnd inn dalinn óskertu ásamt því að gestir fái að njóta útsýnis yfir jökulinn og jökullónið. Til skoðunar er að nota þak byggingarinnar sem útsýnispall fyrir alla sem leggja leið sína inn dalinn. Aðgengi fólks sem eru ekki gestir baðlónsins verður tryggt og betrubætt til að sem flestir geti áfram notið þess sem svæðið hefur upp á að bjóða. Nákvæm staðsetning baðlónsins innan jökulgarðsins og útfærsla mannvirkisins liggur ekki fyrir á þessu stigi. Þessi atriði ráðast af niðurstöðum jarðtæknirannsókna sem fyrirhugaðar eru í lok árs 2025. Rannsóknirnar fela í sér jarðfræðiboranir sem miða að því að greina jarðlög og meta fýsileika þess að reisa mannvirki á svæðinu. Vegna þessarar óvissu er ekki unnt að leggja fram myndir eða nákvæma lýsingu á útliti og hönnun baðlónsins að svo stöddu. Slík útfærsla verður unnin í framhaldi, í samræmi við niðurstöður jarðtæknirannsókna og áframhaldandi hönnunarvinnu. Myndir af hönnun og útliti mannvirkja verða birtar í umhverfismatsskýrslu.

Aðkoman að baðlóni er eftir vegi sem var lagður á fjórða áratug 20. aldar. Rík áhersla verður lögð á að bygging sé falin frá þessari aðkomuleið til að halda útsýni að jökulgarðinum og jöklinum frá jöklaorum óskertu.

Bílastæði verður staðsett við jökulgarðinn sem kemur til með að þjónusta bæði baðstaðinn sem og almenna gesti þjóðgarðsins, en baðstaðurinn verður staðsettur nálægt mörkum þjóðgarðsins. Þannig geta gestir þjóðgarðsins sem ekki hyggjast á baðferð, einnig notið veitingaþjónustu og jöklasýningar, í byggingunni við Hoffellslón. Við nánari útfærslu á baðstað, bílastæði, stígum og öðrum framkvæmdaþáttum í grennd við mörk þjóðgarðsins verður haft samráð við Vatnajökulspjóðgarð. Á staðnum verður veitingaþjónusta.

Landslag við jökulgarðinn er í sífelldri mótun í kringum ölduna og vistkerfið viðkvæmt. Það gefur því auga leið að það þarf að stíga varlega til jarðar. Stuðst verður við gögn frá jarðfræðingum og verkfræðingum til að tryggja lágmarksrask fyrir byggingu af þessu tagi bæði á vistkerfi, landslag og útsýni en unnin var skýrsla til að kortleggja jarðmyndanir og möguleg merki á yfirborði um hreyfingu, skilgreina viðkvæm svæði og hreyfingu jökulsins fram að þessu sem haft verður til hliðsjónar í hönnunarvinnu. Þar sem að allra veður er von er fyrirhuguð að baðlón geti bæði verið innandyra og utandyra og mótuð á þann hátt að gestir geti leitað skjóls frá veðri eða notið sólarljóss ef þess ber undir.



MYND 3.1 Staðsetning og umfang mannvirkis við jökulgarð. Svæðið sem afmarkað er með bláu táknar það svæði sem talið er fara undir mannvirki, lón og landmótun tengda framkvæmdinni. Hvíta punktalínan sýnir hvernig fyrirhugaða stærð og umfang mannvirkis gæti verið. Staðsetning mannvirkis og áhrifasvæði þess ræðst af niðurstöðum jarðvegsrannsókna. Hér er því sett fram tillaga sem byggir á forsendum um stærðir rýma. Frekari hönnun fer fram að loknum jarðvegsrannsóknum.

3.2 Framkvæmdaraðili, tilgangur og markmið

Framkvæmdar- og rekstraraðili er Bláa Lónið hf. Tilgangur og markmið framkvæmdarinnar er að byggja upp ferðaþjónustu á svæðinu með hóteli, veitingaþjónustu og baðstað og þ.a.l. stuðla að auknum atvinnutækifærum í ferðaþjónustu á svæðinu. Heimsókn á baðstaði er ein vinsælasta afþreying ferðamanna á Íslandi, en enginn baðstaður er á svæðinu frá Suðurlandsundirlendi að Egilsstöðum. Baðstaður við Hoffell mun því þjónusta allt þetta svæði með því að veita einstaka upplifun við stærsta jökul Evrópu með útsýni yfir fljótandi ísjaka. Baðstaðurinn við Hoffellslónið verður stór segull fyrir ferðamenn og mun stuðla að því að þeir dvelji lengur í sveitarfélaginu.

Markmið framkvæmdarinnar er einnig að veita fræðslu og sýningu á sérstöðu Hoffellssvæðisins með sýningarhaldi fyrir almenning sem og að veita rannsóknaraðilum aðgang að jökulgarðinum. Ábúendur að Hoffelli hafa um árabil safnað munum og myndefni úr sögu Hoffells og þróun Hoffellsjökuls og sýna afrakstur þess í jöklasýningu sinni að Hoffelli og verður það safn hluti af sýningu í fyrirhugaðri gestastofu framkvæmdarinnar við jökulgarðinn. Þau hafa í gegnum tíðina safnað einstöku myndefni af þróun jökulsins, en óvíða er hægt að sjá með jafn skýrum hætti áhrif loftlagsbreytinga á þróun jökla, á við Hoffell. Framkvæmdaraðili hefur fundað með Vatnajökulsþjóðgarði og svæðisráði hans og lagt fram óskir um samráð og samstarf sem getur falist í miðlun, fræðslu, sýningarhaldi, gerð göngustíga, upplýsingaskilta, og aðstöðu fyrir vísindamenn jafnt sem ferðafólk á svæðinu. Ráðgert er að sýningarhaldið verði í byggingunni við Hoffellslón. Þannig gefst gestum þjóðgarðsins möguleiki á að upplifa sögu og menningu staðarins, um leið og þeir njóta heimsóknar að Hoffelli. Sýningin og veitingaþjónustan verða því opin öllum almenningi, hvort sem gestir heimsækja baðlónið eða ekki.

3.3 Mannvirki

Hótel og veitingaþjónusta

Fjöldi gistirúma: 120 herbergi/240 gestir.

Heildarbyggingarmagn 5.000 - 7.000 m².

Gert er ráð fyrir 3-4 hæðum.

Baðlón við jökulgarð og gestastofa

400-600 skápar, hámark 1500 gestir á dag.

Heildarbyggingarmagn: 3.000 – 4.500 m².

Heildaryfirborð baðlóns utan byggingar: 800 – 1.000 m². Til skoðunar er að staðsetja hluta baðlónsins inni í byggingu vegna vindkælingar.

Gufubaðsaðstaða verður inni í byggingu. Gert er ráð fyrir 3-4 ólíkum klefum af bæði gufu og eimbaði.

Gert er ráð fyrir um 1-3 hæðum. Hæsti punktur byggingar væri á pari við hæsta punkt öldunnar eða í kringum 62 m yfir sjávarmáli.

Gert er ráð fyrir að staðsetja stoðrými á fyrstu hæð eða í kjallara.

Inngangur byggingar væri á pari við hæð núverandi bílastæða eða í kringum 56 m yfir sjávarmál.

Staðhættir munu móta byggingu og því verður unnið með efnisval sem hæfir náttúrunni í kring og bygging mótuð að landslaginu.

Starfsmannaaðstaða

Núverandi mannvirki verða nýtt fyrir starfsmannaaðstöðu. Áætlanir gera ráð fyrir á annað hundrað starfsmönnum og meginhluti starfsmanna mun því búa á Höfn. Gert er ráð fyrir að um 150 manns starfi við ferðaþjónustuna.

3.4 Vatnstaka

Vatn verður sótt úr borholum sem eru í eigu Rariks og verður vatnið nýtt fyrir baðstaðinn og önnur mannvirki sem reist verða á svæðinu. Rarik vinnur vatn úr þremur holum, HF-03, HF-04 og HF-05. Allar skila vatni í sameiginlegan miðlunartank og dælustöð við Hoffell. Staðsetningar holanna eru fremur austarlega þannig að mjög lítið myndi sparast við að sækja vatn eingöngu í þá holu sem vestast liggur, sjá staðsetningar borhola á mynd 3.2. Einnig er óskynsamlegt út frá rekstraröryggi baðlónsins að reiða sig á eina holu. Skynsamasta lendingin yrði að sækja vatn í stofnlögn við dælustöð neðan við miðlunartankinn. Vatnið sem færi til baðlónanna yrði því sambland úr öllum þremur holunum.

TAFLA 3.1 Upplýsingar um borholur í eigu Rariks þaðan sem vatn verður sótt fyrir framkvæmdina.


BORHOLA	DÝPT	FÓÐRINGARDÝPT	DÆLUDÝPT
HF-03	1.084 m	392 m	200 m
HF-04	1.750 m	400 m	200 m
HF-05	1.727 m	364 m	200 m

Samandregið má segja að allir valmöguleikar séu enn á teikniborðinu:

- Að nýta HF-01 ef kólnunarspá leyfir.
- Nýta HF-01 og HF-02 saman ef kólnunarspá leyfir.
- Bora fyrir nýrri niðurdælingarholu.
- Allt ofangreint í bland.

Gert er ráð fyrir að leggja vatnslagnir með vegi ef aðstæður leyfa. Leitast verður við að leggja vatnslagnir með þeim hætti að rask verði sem minnst og að rekstraröryggi verði sem best.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdin þurfi 10-12 L/s af köldu vatni sem verður bæði notað til reksturs mannvirkja og fyrir baðlón. Áætlað er að mesta mögulega vatnspörf af heitu vatni til reksturs baðlóna og húsakynna verði 10 L/s. Nánar verður greint frá vatnstöku og vatnslögnum í umhverfismatsskýrslu.



MYND 3.2 Staðsetningar borhola, gögn frá Umhverfis- og orkustofnun. Kort: EFLA, 2025.

3.5 Fráveita

Gert er ráð fyrir að affall frá baðlóni verði leitt í hreinsikerfi, til að mynda í gegnum síudúk og loks í viðtaka. Fráveita verður í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Unnið er að frekari útfærslu fráveitulausna vegna framkvæmdarinnar og verður greint nánar frá viðtaka og hreinsun affalls í umhverfismatsskýrslu.

Allt skólp frá hreinlætistækjum, salernum, handlaugum, sturtum og líkum tækjum, verður leitt í tilbúna hreinsistöð. Hreinsistöðin skal uppfylla ákvæði staðalsins ÍST-EN12255 og kröfur um hreinsun samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Við mat á þeirri hreinsistöð sem verður fyrir valinu verður farið eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar (nú Umhverfis- og orkustofnunar) fyrir minni fráveitur [23].

Allt skólp frá eldhúsi verður leitt í fituskilju. Fituskilja verður í eldhúsi baðlónsins og í eldhúsi hótelsins. Stærð og staðsetning verður í samræmi við ÍST-EN-1825, hluta 1 og 2. Afrennsli frá fituskilju verður leitt í hreinsistöð. Vöktunarbúnaður verður á fituskilju.

Allt regnvatn frá þakniðurföllum og bílastæðum verður leitt í blágrænar ofanvatnslausnir.

Allt frárennsli frá mannvirkjum verður hreinsað eins og kveðið er á um í gildandi reglugerð um fráveitur og skólp (nr. 798/1999 með áorðnum breytingum nr. 450/2009 auk reglugerðar 799/1999) og gildandi byggingareglugerð. Endanleg stærð, staðsetning og útfærsla hreinsivirkja fráveitu og ofanvatns verður unnin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Gert er ráð fyrir tveimur hreinsistöðvum sem þjónusta annars vegar baðlón og hins vegar hótél. Staðsetningar hreinsistöðva liggja ekki fyrir en verður greint frá þeim í umhverfismatsskýrslu. Útfærslur á fráveitukerfi framkvæmdaraðila eru enn til skoðunar og verður þeim sem og hreinsun fráveitu gerð ferkari skil í umhverfismatsskýrslu.

Áætlaðar persónueiningar framkvæmdarinnar eru samtals 960 persónueiningar. Persónueiningarnar skiptast eftirfarandi:

- Hótel
 - Fjöldi PE: 530
 - Daglegt skólp magn: 106 m³/dag
- Baðstaður
 - Fjöldi PE: 430
 - Daglegt skólp magn: 86 m³/dag

Baðlón falla undir flokk afþreyingarlauga samkvæmt reglugerð um baðstaði í náttúrunni, nr. 460/2015:

„Laug sem er frá grunni hlaðin og/eða steipt úr föstu efni, þ.e. botn og hliðar, og kalt vatn, affallsvatn frá hitaveitu eða jarðhitavatn er leitt í laugina úr nálægum hver eða afrennsli frá virkjun þó að undangenginni kælingu. Heilnæmi vatnsins er stjórnað með tíðri endurnýjun vatnsins og aðgangsstýringu, svo sem takmörkun á fjölda gesta í laug.“

3.6 Vegir og slóðar

Frá Hoffellsvegi liggur F1 malarvegur að Hoffellsjökli og verður vegurinn nýttur sem aðkomuvegur að baðlóni við jökulgarð. Veginn má sjá á mynd X. Lengd núverandi vegar sem stendur til að nýta er um 3,46 km og breidd um 5 m. Vegurinn er flokkaður sem almennur vegur samkvæmt fitjuskrá, þ.e. vegir sem ekki teljast þjóðvegir en eru í eigu opinberra aðila og eru ætlaðir almenningi til frjálstrar umferðar, t.d. hálendisvegir. Til stendur að styrkja veginn og með því greiða aðkomu baðlónsgesta sem og almennings að helsta áningarstað á Hoffellssvæðinu við Hoffellslón, í samræmi við markmið svæðisins samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Þörf er á tilfærslu vegarins vegna flóðahættu en endanleg lega liggur ekki fyrir og verður henni gerð frekari skil í umhverfismatsskýrslu. Í umhverfismatsskýrslu verður einnig greint nánar frá lengd og legu annarra vega, s.s. þjónustuvega.

Bílastæði verður sett niður sunnan við jökulgarðinn og látið falla að landslagi auk þess sem þörf er á nýju bílastæði við hótelið. Á þessu stigi er gert ráð fyrir einu bílastæði fyrir hvert herbergi hótelsins, þ.e. að minnsta kosti 120 bílastæði. Í umhverfismatsskýrslu verður greint frekar frá staðsetningu og stærð bílastæða sem og niðurstöðum samgöngumats sem unnið er og líklegri bílastæðapörf baðlónsins sem og hótelsins skv. samgöngumati.

3.7 Framkvæmdatími

Framkvæmdaraðili hyggst hefja framkvæmdir árið 2026. Gert er ráð fyrir að baðstaður opni 2028 eða 2029. Til skoðunar er að áfangaskipta hótéluppbyggingu, og allt að 50 herbergi verði í fyrsta áfanga. Áætlað er að hótéluppbygging hefjist árið 2027 og ljúki 2029 eða 2030. Nánar verður greint frá áfangaskiptingu framkvæmdarinnar í umhverfismatsskýrslu.

3.8 Efnispörf

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um efnispörf framkvæmdarinnar í mannvirki og fyllingarefni fyrir vegi. Fyrirhuguð öflun á efni og nýting á efni bæði á framkvæmdar og rekstrartíma. Efni sem til fellur vegna framkvæmda verður notað m.a. í stígagerð, vegagerð og aðra landslagsmótun eins og kostur er. Ekki er gert ráð fyrir mikilli efnispörf vegna framkvæmdanna en komi til þess að sækja þurfi efni, til viðbótar við það sem fellur til á framkvæmdasvæði, verður það sótt í opnar námur með viðurkennd leyfi innan sveitarfélagsins ef kostur er á.

3.9 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Starfsemin er háð eftirfarandi leyfum:

- Byggingarleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar skv. lögum um mannvirki.
- Framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.
- Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Rekstrarleyfi sýslumanns skv. reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Ef hrófla þarf við fornleifum þarf samþykki Minjastofnunar Íslands samkvæmt 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- Leyfi Umhverfis- og orkustofnunar til nýtingar á fersku vatni, sbr. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

3.10 Valkostir

Nú þegar hafa verið tekin skref í að minnka umfang framkvæmdarinnar í kjölfar umsagna sem bárust við skipulagslýsingu á breytingu á aðalskipulagi og nýrra deiliskipulagsáætlana vegna framkvæmdarinnar. Í skipulagslýsingu var gert ráð fyrir hóteli á skógarsvæði sem og baðlóni og gistingu við jökulgarð. Framkvæmdaraðili hefur fallið frá hugmyndum um hótलगistingu við jökulgarðinn. Áfram er gert ráð fyrir allt að 120 herbergja hótलगistingu og veitingaþjónustu á skógræktarsvæðinu vestur undir Hoffellsfjalli. Þá var áður ráðgert að hafa sýningarhald í sérstakri byggingu á flatanum vestan megin við núverandi byggingar og að gestir baðlónsins og aðrir gestir svæðisins yrðu ferjaðir frá þeirri byggingu inn dalinn. Þá hefðu allir gestir svæðisins lagt sínum bifreiðum 3,5 km frá Hoffellslóni. Það hefði þýtt ákveðna annmarka á umferð almennra gesta um svæðið við Hoffellslón. Nú hefur verið fallið frá þeim hugmyndum. Nú er gert ráð fyrir að allir gestir aki inn Hoffellsdal og að bílastaði verði á svæðinu sunnan megin við jökulgarðinn og að sýningarhald verði í baðlónsbyggingunni við Hoffellslón. Með þessu gefst almenningi mun betra aðgengi að Hoffellslóni, sýningarhaldi og veitingaþjónustu, hvort sem gestir vilja heimsækja baðlónið eða ekki. Þannig verður aðgengi almennings betra en áður.

Aðalvalkostur felur í sér að framkvæmdin fari fram eins og henni er lýst í matsáætlun þessari. Til skoðunar eru nánari útfærslur á staðsetningu mannvirkja og mun það taka mið af niðurstöðum rannsókna umhverfismatsins, sérstaklega varðandi jarðmyndanir og náttúruvá. Greint verður frá valkostagreiningu og endanlegum aðalvalkosti varðandi þessa framkvæmdaþætti í umhverfismatsskýrslu.

Í umhverfismatsskýrslu verða eftirfarandi valkostir bornir saman við aðalvalkost sem og umhverfisáhrif þeirra:

- Núllkostur: Felur í sér að ekki verði farið í fyrirhugaða framkvæmd.
- Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um mismunandi valkosti varðandi staðsetningu og útfærslu baðlónsins með hliðsjón af niðurstöðum jarðtæknirannsóknna sem fyrirhugaðar eru í lok árs 2025. Endanleg ákvörðun um staðsetningu og útfærslu valkosta fer eftir því hvernig jarðlög innan jökulgarðsins og aðrir jarðtæknilegir þættir styðja við örugga og framkvæmanlega uppbyggingu mannvirkisins.

4 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

4.1 Umhverfispættir

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um þá þætti umhverfisins sem geta orðið fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar, bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma. Í þessari matsáætlun eru kynntir þeir umhverfispættir sem talin er ástæða til þess að fjalla um í matsferlinu. Við ákvörðun um hvaða þætti er talin ástæða til að athuga voru fyrirbyggjandi gögn skoðuð og mið tekið af kröfum í lögum og reglugerðum.

Við mat á umhverfisáhrifum er stuðst við lög um mat umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021. Einnig er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um mat á umhverfisáhrifum [24] og hins vegar um flokkun umhverfispáttá, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa [25]. Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti er litið til viðmiða s.s. stefnumörkun stjórnvalda, lög og reglugerðir og alþjóðasamninga.

Með tilliti til framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og mögulegra umhverfisáhrifa er lagt til að mat verði lagt á eftirtalda þætti í matsferlinu:

- Vistgerðir og gróður
- Fugla- og dýralíf
- Jarðmyndanir
- Landslag og ásýnd
- Samfélag, útivist og ferðamennska
- Umferð
- Vatnshlot
- Verndarsvæði

Samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði verða einnig skoðuð fyrir hvern umhverfispátt með öðrum áformum um uppbyggingu hótela, veitingastaða og annarrar gistiaðstöðu bæði á rekstar- og framkvæmdatíma. Nánar verður greint frá slíkum framkvæmdum og samlegðaráhrifum með þeim í umhverfismatsskýrslu.

Í eftirfarandi köflum er grunnástandi þeirra umhverfisþátta sem hér hafa verið nefndir lýst og gerð grein fyrir því hvernig fyrirhugað er að standa að mati á þessum umhverfisþáttum. Tilgreint er hvaða gagna verður aflað og innan hvaða svæðis, hvenær og hversu oft gagnaöflun mun fara fram, hvernig unnið verður úr gögnum og hvernig þau verða metin.

4.2 Vistgerðir og gróður

Til þess að meta áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verður gerð úttekt innan áhrifasvæðis framkvæmdar. EFLA hefur kortlagt vistgerðir eftir gervitungla- og loftmyndum og fór Náttúrustofa Austurlands í vettvangsferð á svæðið í júní 2025 og sannreynði kortlagninguna. Í vettvangsferðinni voru jafnframt æðplöntur sem finnast við vettvangsvinnu skráðar. Við kortlagningu vistgerða var áhersla lögð á vistgerðir sem búa yfir háu verndargildi og þeim veitt sérstök athygli. Í umhverfismatsskýrslu verða vistgerðir birtar á korti. Einnig verða birtar myndir af vistgerðum sem skoðaðar verða í vettvangsferð sem og æðplöntum þar sem við á. Í umhverfismatsskýrslu verður gerð grein fyrir vistgerðum, verndarstöðu vistgerða og umfangi þess svæðis sem raskast, sundurliðað eftir vistgerðum. Heildarflatarmál þess lands sem líklegt er að raskist við framkvæmdir verður birt á korti, sundurliðað eftir vistgerðum. Vistgerðir sem búa yfir háu verndargildi og/eða njóta sérstakrar verndar verða merktar sérstaklega á kortið.

Við mat á áhrifum verða eftirfarandi viðmið lögð til grundvallar:

- 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja, s.s. votlendi og náttúrulegir birkiskógar
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity, Rio de Janeiro 1992)
- Válisti plantna og listi yfir friðlýstar plöntur
- Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga, skýrsla og tillögur nefndar [26]
- Verndargildi vistgerða
- Lög um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007 vegna nálægðar við þjóðgarðinn
- Markmið um vernd líffræðilegs fjölbreytileika birkiskógar við Hoffellsjökul, úr verndar- og stjórnunaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs [11]
- Reglugerð nr. 300/2020 um Vatnajökulspjóðgarð vegna nálægðar við þjóðgarðinn, sér í lagi 21. gr. um vernd líffræðilegrar fjölbreytni

4.3 Fugla- og dýralíf

Leitað var til Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi ráðleggingar um rannsóknir á fuglalífi á svæðinu. Til að meta áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf kannaði Fuglaathugunarstöð Suðausturlands hvort gæsir og/eða álfir nýti svæðið að vori, einkum tún. Náttúrustofa Austurlands skrásetti fugla á svæðinu með beinum talningum í vettvangsferð í júní 2025. Gert er ráð fyrir að talning fugla yfir hausttímabil fari fram um mánaðamótin september/október, 2025. Niðurstöður vistgerðarrannsókna verða einnig notaðar til þess að meta umfang búsvæðis fugla sem kann að skerðast vegna framkvæmdarinnar. Í umhverfismatsskýrslu verður greint frá niðurstöðum fuglatalninga og umfang búsvæðis sem kemur til

með að raskast. Í vettvangsferðum mun Náttúrufræðistofnun Íslands einnig skrá ef hreindýra eða refa verður vart.

Við mat á áhrifum verða eftirfarandi viðmið lögð til grundvallar:

- Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir fugla
- Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum
- Reglugerð nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda
- Verndar- og stjórnunaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs [11] vegna nálægðar við þjóðgarðinn
- Lög um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007 vegna nálægðar við þjóðgarðinn
- Reglugerð nr. 300/2020 um Vatnajökulspjóðgarð vegna nálægðar við þjóðgarðinn, sér í lagi 21. gr. um vernd líffræðilegrar fjölbreytni
- Mikilvægt fuglasvæði Vatnajökulspjóðgarðs [6]

4.4 Jarðmyndanir

Jarðfræðingar hjá EFLU hafa unnið minnisblað um jarðmyndanir við og á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Stuðst var við fyrirbyggjandi gögn svo sem jarðfræðikort, loftmyndir og rannsóknir sem hafa verið gerðar á svæðinu. Í kjölfar þess var ákveðið að gera þyrfti frekari úttekt á jarðmyndunum með vettvangsferð á svæðið. Náttúrustofa Suðurlands mun vinna úttektina. Unnin verður nákvæm kortlagning af jarðmyndunum við Hoffellslón, legu þeirra og útbreiðslu. Fjarkönnunargögn verða borin saman sem ef til vill varpa ljósi á hreyfingar jökulsins fram að þessu. Með því verður hægt að skilgreina svæði sem eru viðkvæmari fyrir raski en önnur og koma þannig í veg fyrir að jarðmyndanir sem eru einstakar á heims- eða landsvísu og hafa vísindalegt gildi glatist. Einnig verða viðkvæm svæði skilgreind út frá mögulegum hreyfingum jökulgarðsins. Út frá niðurstöðum jarðfræðiúttektar verður hægt að staðsetja mögulegar könnunargryfjur til jarðtæknilegra rannsókna þar sem við á. Við mótun rannsóknaráætlunar vegna jarðmyndana var haft samráð við Náttúruverndarstofnun.

Í umhverfismatsskýrslu verður greint frá minnisblaði jarðfræðinga EFLU sem og niðurstöðum úr jarðfræðiúttekt úr vettvangsferð á svæðinu. Greint verður frá jarðmyndunum sem eru einstakar á heims- eða landsvísu og hafa vísindalegt gildi. Greint verður frá því hversu stórum hluta jökulgarðsins verður raskað, miðað við heildarstærð allra jökulgarða innan þjóðgarðsins.


Við mat á áhrifum verða eftirfarandi viðmið lögð til grundvallar:

- 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja
- 3. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, að varðveita skipulega heildarmynd af jarðfræðilegum ferlum og fyrirbærum sem gefa samfellt yfirlit um jarðsögu landsins og að vernda jarðmyndanir sem eru sérstakar eða einstakar á lands- eða heimsvísu
- Náttúruminjasráð
- Verndar- og stjórnunaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs [11] vegna nálægðar við þjóðgarðinn
- Lög um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007 vegna nálægðar við þjóðgarðinn, sér í lagi 14. gr. um bann við spjöllum og raski á jarðmyndunum innan þjóðgarðsins

- Reglugerð nr. 300/2020 um Vatnajökulspjóðgarð vegna nálægðar við þjóðgarðinn, sér í lagi 20. gr. um bann við spjöllum og raski á jarðmyndunum innan þjóðgarðsins

4.5 Landslag og ásýnd

Í umhverfismatsskýrslu verða áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd og landslag metin. Fyrir liggur þrívíddarlíkan sem notað verður til þess að vinna líkanmyndir af mannvirkjum framkvæmdarinnar og meta sjónræn áhrif. Tillögur að sjónarhornum má sjá á mynd 4.1 og í töflu 4.1. Endanleg staðsetning sjónarhorna mun ráðast af endanlegri staðsetningu mannvirkja og sýnileika þeirra. Lagt verður mat á áhrif framkvæmdarinnar á landslag með líkanmyndum unnum í þrívíddarlíkani og landupplýsingagögnum. Leitast verður við að greina áhrif framkvæmdarinnar á yfirbragð framkvæmdasvæðisins og nágrennis.



MYND 4.1 Tillögur að sjónarhornum til að meta áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd. Kort: EFLA, 2025.

TAFLA 4.1 Tillögur að sjónarhornum og lýsing.

NÚMER	HEITI	LÝSING
1	Gönguleið á Geitafellsbjörg	Horft í suður í átt að baðlóni.
2	Vegur	Horft í norðvestur í átt að baðlóni og í suðaustur að hóteli.
3	Vegur	Horft í austur í átt að hóteli á skógarsvæði.
4	Gatnamót Þjóðvegur og Hoffellsvegur	Horft í norður í átt að hóteli og framkvæmdasvæði.

Við mat á áhrifum verður tekið mið af þáttum eins og fjölbreytileika og sérstöðu landslags og náttúrulegu yfirbragði. Auk þess verður tekið tillit til áhrifa á útsýni. Mat á áhrifum á landslag mun byggja á leiðbeiningum um mat á áhrifum á landslag og ásýnd (e. Guidelines for Landscape and Visual Impact Assessment, GLVIA). Samkvæmt leiðbeiningunum er vægi áhrifa á landslag og ásýnd fundið út með því að skoða samspilið á milli viðkvæmni lands og ásýndar og umfang áhrifa. Viðkvæmni landslags og ásýndar er metið út frá næmni þess og gildi og umfang áhrifa er metið út frá landfræðilegri stærðargráðu, tímalengd og afturkræfni áhrifa.

Til að kanna áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd verður m.a. stuðst við eftirfarandi gögn og rannsóknir:

- Fyrirliggjandi greiningar á landslagsgerðum og er þar fremst í flokki kortlagning landslagsgerða úr verkefninu Landslag á Íslandi sem EFLA og Land Use Consultants í Skotlandi unnu fyrir Skipulagsstofnun [27].
- Víðernakortið, kortlagningu óbyggðra víðerna Íslands unnið af Wildland Research Institute (WRI), til að meta áhrif framkvæmdarinnar á víðerni [28].

Við mat á áhrifum verða eftirfarandi viðmið lögð til grundvallar:

- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
- Evrópski landslagssáttmálinn
- Fjölbreytileiki landslags, náttúrulegt yfirbragð og sérstaða þess
- Gildi landslags og hversu viðkvæmt landslagið er fyrir breytingum
- Hversu mikið kemur framkvæmdin til með að skerða útsýni
- Verndar- og stjórnunaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs [11] vegna nálægðar við þjóðgarðinn
- Lög um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007 vegna nálægðar við þjóðgarðinn, sér í lagi 14. gr. um bann við spjöllum og raski á landslagi innan þjóðgarðsins
- Reglugerð nr. 300/2020 um Vatnajökulspjóðgarð vegna nálægðar við þjóðgarðinn, sér í lagi 20. gr. um bann við spjöllum og raski á landslagi innan þjóðgarðsins

4.6 Samfélag, ferðaþjónusta og útivist

Á framkvæmdatíma verða í boði tímabundin störf við byggingarvinnu sem auglýst verða í nálægum byggðum. Á rekstrartíma verða í boði störf þar sem leitast verður eftir fólki með mismunandi menntun,

reynslu og þekkingu. Auk þess mun framkvæmdin leiða af sér óbein störf fyrir m.a. ferðaþjónustuaðila á svæðinu.

Í umhverfismatsskýrslu verður mat lagt á samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar og áhrif hennar á ferðaþjónustu og útivist á svæðinu. Lagt verður mat á helstu efnahagslega áhrifaþætti tengda framkvæmdunum á nærsamfélagið og sveitarfélagið Hornafjörð í heild. Þá verður tekið tillit til áherslna sem koma fram í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030. Til að kanna samfélagsleg áhrif framkvæmdarinnar verður m.a. stuðst við eftirfarandi gögn og rannsóknir:

- Gögn úr gagnabanka Ferðamálastofu og tölur frá Hagstofu Íslands.
- Áhrif ferðaþjónustu og ferðamennsku á einstök samfélög. Niðurstöður símakönnunar á Höfn, Mývatnssveit og Siglufirði (2016) [29]. Rannsókn unnin af Eyrúnu Jenný Bjarnadóttir og Arnari Þór Jóhannssyni, gefin út af Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum [30]. Rannsókn unnin af Eyrúnu Jenný Bjarnadóttir, Arnari Þór Jóhannssyni og Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttir, gefin út af Rannsóknamiðstöð ferðamála (2016).
- Viðhorf íbúa til ferðaþjónustu í smærri samfélögum (Húsavík, Stykkishólmi, Egilsstöðum og Reykjanesbæ [31].

Við mat á áhrifum verða eftirfarandi viðmið lögð til grundvallar:

- Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030
- Fjöldi gesta sem heimsækja svæðið
- Nýting svæðisins m.t.t. útivistar

4.7 Umferð

Unnið verður samgöngumat til að greina núverandi aðstæður við framkvæmdasvæðið, áætlaða ferðamyndun vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar og þau áhrif sem fyrirhuguð uppbygging kann að hafa á aðliggjandi vegakerfi.

Í greiningunni verður skoðað hvernig aðstæður eru fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, aðgengi að almenningssamgöngum og bílaumferð. Þar sem Hoffell er utan þéttbýlis verður megináhersla lögð á bílaumferð. Skoðuð verða slysagögn síðustu fimm ára frá Samgöngustofu og bílaumferðarmyndun vegna framkvæmdarinnar metin. Sú áætlun byggir á gögnum frá framkvæmdaraðila, t.d. fjölda gesta og starfsfólks eða stærð starfseminnar. Ferðamyndun verður svo áætluð út frá reynslutölum og/eða áætluð sérstaklega í tilfelli Hoffells ef viðeigandi reynslutölur eru ekki aðgengilegar. Áætlaður fjöldi bíla á sólarhring verður metinn og einnig verður metið hversu mörg bílastæði þarf, miðað við fjölda gesta og lengd dvalar þeirra. Að lokum verður skoðað hvernig aukin umferð hefur áhrif á vegakerfið í kring. Þar sem vegamót Hoffellsveggar og Þjóðveggar 1 eru einbreið, verður afkastageta þeirra metin með öðrum aðferðum en venjulega. Notast verður m.a. við reglur frá Norðurlöndum og metið hversu margir bílar komast um veginn á klukkustund án þess að myndist biðraðir. Þetta verður svo borið saman við áætlaða umferð á álagstímum.

Við mat á áhrifum verða eftirfarandi viðmið lögð til grundvallar:

- Veghönnunarreglur Vegagerðarinnar
- Umferðaröryggisáætlun Hornafjarðar 2018-2027

4.8 Vatnshlot

Í umhverfimatsskýrslu verður lagt mat á áhrif af losun frárennslis og losun baðvatns frá baðlóni á viðtaka. Einnig verður lagt mat á áhrif af vatnstöku. Kort sem sýna grunnvatnsstreymi í átt að sjónum verða skoðuð sem og straumar sjávar til að leggja mat á hvort kröftug þynning muni eiga sér stað. Skólp magn verður metið m.t.t. gesta á hóteli, veitingastöðum og baðlóni, sem og starfsfólks hótels og veitingastaða. Fjallað verður um núverandi nýtingu á grunnvatni og lagt verður mat á áhrif frárennslis á vatnshlot og umhverfismarkmið þeirra.

Við mat á áhrifum verða eftirfarandi viðmið lögð til grundvallar:

- Vatnaáætlun 2022-2027
- Leiðbeiningar um gerð áhrifamats fyrir vatnshlot
- 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja, s.s. stöðuvötn og tjarnir

4.9 Verndarsvæði

Á framkvæmdasvæðinu er náttúrulegt skóglendi sem býr yfir sérstakri vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Fjallað verður um náttúrulega birkiskóga í mati á áhrifum á vistgerðir og gróður í umhverfimatsskýrslu, sjá kafla 4.2. Svæðið liggur einnig upp við mikilvægt fuglasvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Fjallað verður um mikilvæg fuglasvæði í mati á áhrifum á fuglalíf í umhverfimatsskýrslu, sjá kafla 4.3. Fjallað verður um stöðuvötn og tjarnir sem búa yfir sérstakri vernd í mati á áhrifum um vatnshlot í umhverfimatsskýrslu, sjá kafla 4.8.

Vegna nálægðar við Vatnajökulspjóðgarð þarf að kanna hvort framkvæmdin hafi áhrif á sérstöðu hans eða markmið verndunar. Í umhverfimatsskýrslu verður greint frá áhrifum framkvæmdarinnar á Vatnajökulspjóðgarð sem og umhverfi Hoffellsjökuls, sem er á C-hluta náttúru-minjaskrár. Verða niðurstöður úr rannsóknum í tengslum við aðra umhverfispætti sem fjallað hefur verið um hér að ofan nýttar til þess að meta áhrif framkvæmdarinnar á sérstöðu Vatnajökulspjóðgarð, markmið verndunar þjóðgarðsins og stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Niðurstöður rannsókna úr umhverfismatinu verða einnig nýttar til þess að meta áhrif á umhverfi Hoffellsjökuls. Bláa Lónið hefur nú þegar fundað með stjórnendum Vatnajökulspjóðgarðs ásamt svæðisráði og óskað eftir áframhaldandi samráði og samstarfi við vinnslu skipulags- og umhverfismats til þess að tryggja að uppbygging muni samræmast stefnum þjóðgarðsins.

Við mat á áhrifum verða eftirfarandi viðmið lögð til grundvallar:

- Lög um Vatnajökulspjóðgarð nr. 60/2007
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, sér í lagi 54. gr. laganna sem fjallar um að „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis“

- Verndar- og stjórnunaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs [11]
- Reglugerð nr. 300/2020 um Vatnajökulsþjóðgarð
- Náttúruminjaskrá
- Heimsminjaskrá UNESCO

4.10 Umhverfispættir sem ekki verður fjallað um í umhverfismatsskýrslu

Ekki er talin þörf á að skoða eftirfarandi umhverfispætti nánar í umhverfismatsskýrslu:

4.10.1 Fornminjar

Fornleifastofan kannaði fornleifar á framkvæmdasvæðinu dagana 12.-13. mars 2025 (viðauki A). Engar fornleifar fundust innan rannsóknarsvæðisins. Ein tóft var skráð utan rannsóknarsvæðisins í um 50 m fjarlægð. Tóftin er ekki friðlýst og býr yfir lágu verndargildi. Einnig var greint frá minjum sem eru horfnar eða sjást ekki af einhverjum sökum og greint er frá þeim í fornleifaskýrslunni. Við vettvangsferð fundust ekki ummerki um minjar á yfirborði. Vegna þessara atriða er það mat framkvæmdaraðila að óþarft sé að meta áhrif á umhverfispáttinn menningarminjar sérstaklega í umhverfismatsskýrslu. Staðsetning fornleifa innan rannsóknarsvæðisins liggur fyrir (viðauki A) og mun hönnun framkvæmdarinnar taka mið af þeim. Öryggi fornleifa verður tryggt með því að girða þær af á framkvæmdatíma og verður það gert í samráði við Minjastofnun Íslands. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verður framkvæmd stöðvuð tafarlaust og fundurinn tilkynntur til Minjastofnunar Íslands sem ákveður hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum, skv. 24 gr. laga nr. 80/2012.

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

5.1 Kynning á matsáætlun

Matsáætlun er nú birt til kynningar um fjögurra vikna skeið. Á þessu tímabili gefst almenningi tækifæri til að koma með athugasemdir við áætlunina og samhliða því mun Skipulagsstofnun leita umsagna lögboðinna umsagnaraðila. Skriflegar athugasemdir skulu sendar til Skipulagsstofnunar eða á netfangið skipulag@skipulag.is. Þá er einnig hægt að skila umsögnum í gegnum Skipulagsgátt, www.skipulagsgatt.is.

5.2 Kynning á umhverfismatsskýrslu

Við gerð umhverfismatsskýrslu verður haft samráð við leyfisveitendur, Skipulagsstofnun, umsagnaraðila og almenning í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar. Umhverfismatsskýrslan verður kynnt almenningi í samráði við Skipulagsstofnun á kynningartíma skýrslunnar. Skýrslan verður aðgengileg á opinberum stöðum, á heimasíðu EFLU (www.efla.is) og á heimasíðu Skipulagsstofnunar (www.skipulag.is). Nánari upplýsingar um aðgang að skýrslunni verða auglýstar síðar í fjölmiðlum.

6 HEIMILDASKRÁ

- [1] Jón Gunnar Ottósson og Snorri Baldursson, „Náttúrufar og náttúruminjar sunnan Vatnajökuls (NÍ-05005),“ Umhverfissráðuneytið, Reykjavík, 2005.
- [2] Páll Imsland, „Landsig og Landris í Hornafirði,“ í *Jöklaveröld - Náttúra og mannlíf*, Reykjavík, Skrudda, 2004, pp. 95-124.
- [3] Helgi Björnsson, „Jöklar í Hornafirði,“ í *Jöklar á Íslandi*, 2009, p. 300.
- [4] Guðmundur Ómar Friðleifsson, „The Geology and the alteration history of the Geitafell central volcano, Southeast Iceland,“ Grant Institute of Geology, Faculty of Science, University of Edinburgh, 1983.
- [5] Steffi Burchardt, „Three-dimensional geometry of concentric intrusive sheet swarms in the Geitafell and the Dyrfjöll volcanoes, eastern Iceland,“ *Geochemistry, Geophysics, Geosystems*, pp. 1-21, 2011.
- [6] Náttúrufræðistofnun Íslands, „Vatnajökulspjóðgarður,“ [Á neti]. Available: <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/vatnajokulsthjodgardur>. [Skoðað 21. maí 2025].
- [7] Náttúruverndarstofnun, „Vatnajökulspjóðgarður,“ [Á neti]. Available: <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/sudurland/vatnajokulsthjodgardur/>. [Skoðað 5. maí 2025].
- [8] Náttúruverndarstofnun, „Náttúruminjaskrá: Austurland,“ [Á neti]. Available: <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/austurland/>. [Skoðað 21. maí 2025].
- [9] Ferðamálastofa, „Landupplýsingar Ferðamálastofu,“ [Á neti]. Available: <https://geo.alta.is/fms/stadir/>. [Skoðað 20. maí 2025].

- [10] Sveitarfélagið Hornafjörður, „Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030: Greinargerð,“ Sveitarfélagið Hornafjörður, Höfn, 2014.
- [11] Vatnajökulspjóðgarður, „Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, 3. útg.,“ Vatnajökulspjóðgarður, 2022.
- [12] Skipulagsstofnun, „Landsskipulagsstefna 2024-2038,“ Skipulagsstofnun, Reykjavík, 2025.
- [13] Markaðsstofa Suðurlands, „Áfangastaðaáætlun Suðurlands: Sjálfbært Suðurland,“ Markaðsstofa Suðurlands, Selfoss, 2023.
- [14] Markaðsstofa Suðurlands, „Áfangastaðaáætlun Suðurlands: Viðauki 4 Ríki Vatnajökuls,“ Markaðsstofa Suðurlands, Selfoss, 2023.
- [15] Kamma Dögg Gísladóttir og Guðrún Lára Sveinsdóttir, „AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGS HORNAFJARÐAR 2012-2030: Endurskoðun stefnu um uppbyggingu til ferðapjónustu og stakar,“ Sveitarfélagið Hornafjörður, Höfn, 2019.
- [16] Stjórn Vatnamála, „Vatnaáætlun Íslands 2022-2027,“ Umhverfisstofnun, Reykjavík, 2022.
- [17] Stjórn vatnamála, „Austfirðir,“ [Á neti]. Available: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/102-292-G>. [Skoðað 5. maí 2025].
- [18] Stjórn Vatnamála, „Austurfljót/Suðurfljót,“ [Á neti]. Available: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-1238-R>. [Skoðað 5. maí 2025].
- [19] Stjórn vatnamála, „Krákgilsá,“ [Á neti]. Available: <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-1116-R>. [Skoðað 5. maí 2025].
- [20] Umhverfisstofnun og stjórn vatnamála, „Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot: Leiðbeiningar fyrir framkvæmdaaðila, rekstraraðila, ráðgjafa og sveitarfélög um hvernig beri að framkvæma mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot,“ Umhverfisstofnun, Reykjavík, 2024.
- [21] Vatnajökulspjóðgarður, „Stefna: Þjóðgarðurinn okkar leiðandi í sjálfbærni, útg. 1.0,“ Vatnajökulspjóðgarður, Höfn, 2021.
- [22] Vatnajökulspjóðgarður, „Vatnajökulspjóðgarður: Atvinnustefna, útg. 1.0,“ Vatnajökulspjóðgarður, Höfn, 2019.
- [23] Umhverfisstofnun, „Minni fráveitur - Leiðbeiningar,“ Umhverfisstofnun, Reykjavík, 2022.
- [24] Auður Ýr Sveinsdóttir, Elín Smáradóttir, Hólmfríður Sigurðardóttir og o.fl., „Leiðbeiningar um mat á umhverfisáhrifum,“ Skipulagsstofnun, Reykjavík, 2005.

- [25] Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, Hólmfríður Sigurðardóttir, Jakob Gunnarsson, Pétur Ingi Haraldsson og Carine Chatenay, „Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa,“ Skipulagsstofnun, Reykjavík, 2005.
- [26] Umhverfissráðuneytið, „Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga: Skýrsla og tillögur nefndar,“ Umhverfissráðuneytið, Reykjavík, 2007.
- [27] Anna Rut Arnardóttir, Gréta Hlín Sveinsdóttir, Hjörtur Örn Arnarson, Ingibjörg Sveinsdóttir, Ólafur Árnason, Paul Macrae, Sam Oxley, „Landslag á Íslandi: Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísi,“ 2020.
- [28] Víðernakortið, „Kortlagning óbyggðra víðerna landsins,“ [Á neti]. Available: <https://www.vidernakort.is/>.
- [29] Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Arnar Þór Jóhannesson, „Áhrif ferðaþjónustu og ferðamennsku á einstök samfélög: Niðurstöður símakönnunar á Höfn, Mývatnssveit og Siglufirði 2016,“ Rannsóknamiðstöð ferðamála, Akureyri, 2016.
- [30] Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, „Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum: Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður,“ Rannsóknamiðstöð ferðamála, Akureyri, 2016.
- [31] Rannsóknamiðstöð ferðamála, „Residents' attitudes of tourism in small communities: Four case studies,“ [Á neti]. Available: https://www.rmfi.is/en/moya/page/residents-attitudes-of-tourism-in-small-communities-four-case-studies?utm_source=chatgpt.com. [Skoðað 27. maí 2025].

**VIÐAUKI A FORNLEIFASKRÁNING VEGNA FRAMKVÆMDA VIÐ
HOFFELLSJÖKUL**



Fornleifaskráning vegna framkvæmda við Hoffellsjökull




Svavar Níelsson
2025

Forsíðumyndin sýnir tóft nr. 36.
(Horft mót suðri. Ljósm. SN 2025).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Svavar Níelsson
Unnið fyrir Ferðapjónustuna Hoffell ehf.
Mars 2025



Mynd 1: Myndin sýnir rannsóknarsvæðið ásamt tóft 36 sem er utan við rannsóknarsvæðið.

Inngangur

Að beiðni Eflu fyrir hönd Ferðapjónustunnar Hoffell ehf. kannaði Fornleifafræðistofan hugsanlegar fornleifar á deiliskipulagsreit í Austur - Skaftafellssýslu þar sem fyrirhugað er að byggja baðlón og hótél. Rannsóknarsvæðið er sýnt á mynd 1.

Fornleifaskráningin fékk verknúmerið 3400 hjá Minjastofnun Íslands. Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem eldri skráningarskýrslur og örnefnaskrá við vinnu þessarar fornleifaskráningar.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram dagana 12-13. mars síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Allar fornleifar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmyndar (mynd 1) með staðsetningu fornleifa.

Áður hefur fornleifaskráning verið gerð á svæðinu bæði af Fornleifastofnun Íslands og VG-Fornleifarannsóknnum.¹

Á því svæði sem var til athugunar að þessu sinni höfðu engar fornleifar eða minjar þó verið skráðar áður. Ein tóft var skráð en hún hafði ekki hefur verið skráð áður. Auk þess reyndist hún vera fyrir utan rannsóknarsvæðið. Fulltrúi verkkaupa var Halla Kristjánsdóttir hjá Eflu fyrir hönd Ferðapjónustunnar Hoffell ehf.

¹ Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir 2015, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir 2018, Lilja Laufey Davíðsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir 2018 og Vala Garðarsdóttir 2018.

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningar-minjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni rannsóknarsvæðisins. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Samtals voru 1 minjar skráðar í tengslum við vettvangs-könnunina en þær eru líklega of ungar til að njóta verndunar laganna. Það er því undir Minjastofnun Íslands að ákveða hvað skuli gera ef minjarnar séu í hættu.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmari GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og gördum er gjarnan þversnið í þá. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands ef ekki er hægt að komast hjá raski og stofnunin ákveður rannsóknaumfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Jörðin Hoffell

Hvenær jörðin Hoffell byggðist fyrst er óvíst en rekja má heimildir til Hoffells aftur til 1367 í íslenskum fornbréfasöfnum.² Hoffells er svo aftur getið í heimildum frá 1390.³ Í jarðabók Johnsen frá árinu 1847 segir að jarðadýrleiki Hoffells sé metinn á 37 og því ljóst að um ríka jörð er að ræða.⁴ Það svæði sem var til rannsóknar nú náði einungis inn á hluta af jörð Hoffells.

² *Íslenzkt Fornbréfasafn*, 1896, III, bls. 242-243.

³ *Íslenzkt Fornbréfasafn*, 1915-1925, XI, bls. 4.

⁴ Johnsen, 1847, bls. 3.

Örnefni í landi Hoffells

Nokkur örnefni er að finna á því svæði sem var skráð sem gætu gefið vísbendingar um minjar. Fjallað verður hér um þau örnefni.

Merkisteinn

Í örnefnaskrá svæðisins er minnst á Merkistein og er honum þar lýst sem lausum stein stendur þar á stalla utan í háu bergi. Mun steinninn hafa fengið það nafn þegar Helgi Hermann Eiríksson (1890-1974) byrjaði á jökulmælingum á þessu svæði. Aldur steinsins er óræður.⁵

Húsberg

Húsberg er stórt bjarg sem staðsett er sunnan við lónið við Hoffellsjökul. Einhverntímann munu þar hafa verið sauðahús en þau fundust ekki við vettvangskönnun.⁶ Líklega eru sauðahúsin horfin af yfirborði.

Kvíaklettur, Fremri-Kvíaklettur og Litla-Baðstofa

Í Hoffellsfjalli eru klettur en tveimur þeirra hefur verið gefið nafn, Kvíaklettur og Fremri-Kvíaklettur. Nafn þeirra er svo til komið að þeir eru taldir vera eins og kvíar í lögun. Undir klettum Hoffellsfjalls er svo skúti sem hefur fengið nafnið Litla-Baðstofa.⁷ Erfitt er að meta hvort telja eigi þessi örnefni til fornminja.

Geithús

Nokkur örnefni á svæðinu eru tengd Geithúsi. Ber þá að nefna Efsta-Geithúsaklett, Fremri-Geithúsaklett, Geithúsamýri, Geithúsabrekku, Geithúsafláa og Geithúsagil.⁸ Við vettvangskönnun fundust ekki ummerki um minjar á yfirborði þar sem Geithús ættu eða gætu hafa verið. Líklega eru þessar minjar horfnar eða sjást ekki á yfirborði.

Stekkatún,

Á Stekkatúni og í grennd við það eru nokkur örnefni sem benda til þess að þar kunni að vera minjar en það eru einna helst örnefnin Stekkatún, Stekkatúnshvammur, Stekkatúnsklettur og Þvottadý.⁹ Líklega hefur verið stekkur á túninu á einhverjum tímapunkti en búið er að slétta túnið. Við vettvangskönnun og athugun loftmynda fundust engin ummerki um minjar á yfirborði túnsins eða í nálægð við það.

⁵ Örnefnaskrá, Hoffell.

⁶ Örnefnaskrá, Hoffell.

⁷ Örnefnaskrá, Hoffell.

⁸ Örnefnaskrá, Hoffell.

⁹ Örnefnaskrá, Hoffell.



Mynd 2: Kort sem sýnir staðsetningu örnefna sem geta gefið hugmynd um minjar í og við rannsóknarsvæðið.

Niðurstaða

Ein tóft var skráð í þessari rannsókn en hún reyndist vera um 50 m fyrir utan rannsóknarsvæðið. Bárújárn sem staðsett var í töfinni bendir til þess að tóftin er fremur ung. Engar minjar fundust innan rannsóknarsvæðisins.

Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu sýnilegum mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Innan rannsóknarsvæðisins eru nokkur örnefni sem gefa til kynna að þar geti fundist minjar. Við vettvangskonnnun fundust ekki ummerki um minjar á yfirborði þar sem örnefni bentu til hugsanlegra minjastaða. Það er þó hugsanlegt að þessar minjar séu horfnar eða sjáist ekki á yfirborði. Þess ber einnig að geta að sum af þessum örnefnum eru í raun náttúrufyrirbrigði sem búið er að nefna og erfitt er að meta hvort telja skuli til fornminja.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugil	Friðlýst?	Mótv.
36	Tóft	1	Framkvæmdir	Lítill	Ágætt	1800-1950	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Rannsókn
37	Heimild	1	Framkvæmdir	Töluverð	Horfið	800-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
38	Heimild	1	Framkvæmdir	Töluverð	Horfið	800-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
39	Heimild	1	Framkvæmdir	Töluverð	Horfið	800-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
40	Heimild	1	Framkvæmdir	Töluverð	Horfið	800-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
41	Heimild/Örnefni	1	Framkvæmdir	Töluverð	Ágætt	800-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
42	Heimild/Örnefni	1	Framkvæmdir	Töluverð	Ágætt	800-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
43	Heimild/Örnefni	1	Framkvæmdir	Töluverð	Ágætt	800-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
44	Heimild/Örnefni	1	Framkvæmdir	Töluverð	Ágætt	1900-1950	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
Samtals:		9				Meðaltal:	2	2		

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar/minja á rannsóknarsvæðinu. Hér er lagt mat á hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem kunna að fylgja í kjölfarið á deiliskipulaginu. Um viðvarandi hættu á minjunum óviðkomandi hinum fyrirhuguðu framkvæmdum sjá fornleifaskrá.

Heimildir

Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2015). *Skráning fornleifa vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Höfn í Hornafirði*. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

Johnsen, J.. (1847). *Jarðatal á Íslandi: Með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágríp úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðgarða á landinu*. Kaupmannahöfn.

Lilja Laufey Davíðsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir. (2018). *Skráning fornleifa vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Höfn í Hornafirði - 3. áfangi*. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

minjastofnun.is Minjavefsjá.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Lilja Laufey Davíðsdóttir. (2018). *Skráning fornleifa vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Stapa á Nesjum*. Fornleifastofnun Íslands: Reykjavík.

Vala Garðarsdóttir. (2018). *Skráning fornminja á áhrifasvæði lagnaleiðar ljósleiðara í Nesjum og Mýrum*. VG-Fornleifarannsóknir: Garðabæ.

Örnefnaskrá. Hoffell. Guðmundur Jónsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Fylgirit:

Fornleifaskrá: Austur - Skaftafellssýsla Nr. 36:1

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Minjaheild	Auðkenni	
Austur - Skaftafellssýsla	Hornafjörður	Hornafjörður		36	
Jörð, núverandi	Jörð 1847	verkefnanúmer	minj id	Sérheiti	Undirnr.
Miðfell 1	Hoffell	3400	3400-36		1

Skrásetjari	Heimsótt.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Svavar Nielsson	13.03.2025	E 676407.3, N 438021.7	Isn 93		

Tegund	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Tóft		Hoffell 2025	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert		Ágætt	1800-1950		Framkvæmdir	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	3	Lítið	3	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Staðsett upp við klett í hlið ofan við íbúðarhús Miðfells 1.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Tóft

Fremur ungleg tóft Tóftin er byggð upp við klett en sjá má bárujárn sem liggur í henni. Tóftin er að öðru leiti byggð með torfi og grjóti. Tóftin er um 4 m að lengd og um 3 m að breidd.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Svavar Nielsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi tóftarinnar þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Minjaheild	Auðkenni	
Austur - Skaftafellssýsla	Hornafjörður	Hornafjörður		37	
Jörð, núverandi	Jörð 1847	verkefnanúmer	minj id	Sérheiti	Undirnr.
Hoffell	Hoffell	3400	3400-37	Húsberg	1

Skrásetjari	Heimsótt.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Svavar Nielsson	13.03.2025	E 673699.5, N 440310.4	Isn 93		

Tegund	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Heimild		Hoffell 2025	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert		Horfð	800-1900		Framkvæmdir	Töluverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Stórg bjarg sunnan við lón Hoffellsjökuls.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Hoffell. Guðmundur Jónsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Heimild um sauðahús

Heimild er fyrir því að við bjargið Húsberg hafi einhverntímann staðið sauðahús. Þau fundust ekki við vettvangskönnun. Líklega eru sauðahúsin horfin af yfirborði.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Minjaheild	Auðkenni	
Austur - Skaftafellssýsla	Hornafjörður	Hornafjörður		38	
Jörð, núverandi	Jörð 1847	verkefnanúmer	minj id	Sérheiti	Undirnr.
Hoffell	Hoffell	3400	3400-38	Geithús	1

Skrásetjari	Heimsótt.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Svavar Nielsson	13.03.2025	E 675683.5, N 438575.3	Isn 93		

Tegund	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Heimild		Hoffell 2025	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert		Horfíð	800-1900		Framkvæmdir	Töluverð	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2				

Lega og staðhættir

Staðsett sunnarlega undir vesturhlið Hoffellsfjalls.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Hoffell. Guðmundur Jónsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Heimild um minjar

Samkvæmt örnefnaskrá er heitið Geithús staðsett á landi Hoffells. Nokkur örnefni eru tengd Geithúsi. Ber þá að nefna Efsta-Geithúsaklett, Fremri-Geithúsaklett, Geithúsamýri, Geithúsabrekku, Geithúsafláa og Geithúsagil. Við vettvangskonnnun fundust ekki ummerki um minjar á yfirborði þar sem Geithús ættu eða gætu hafa verið. Líklega eru þessar minjar horfnar eða sjást ekki á yfirborði.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Minjaheild	Auðkenni	
Austur - Skaftafellssýsla	Hornafjörður	Hornafjörður		39	
Jörð, núverandi	Jörð 1847	verkefnanúmer	minj id	Sérheiti	Undirnr.
Hoffell	Hoffell	3400	3400-39	Stekkatún	1

Skrásetjari	Heimsótt.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Svavar Nielsson	13.03.2025	E 676047.5, N 437923.4	Isn 93		

Tegund	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Heimild		Hoffell 2025	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert		Horfíð	800-1900		Framkvæmdir	Töluverð	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2				

Lega og staðhættir

Staðsett í landi Hoffells á túni sem ber heitið Stekkatún.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Hoffell. Guðmundur Jónsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Heimild um stekk

Á Stekkatúni og í grennd við það eru nokkur örnefni sem benda til þess að þar kunni að vera minjar en það eru einna helst örnefnin Stekkatún, Stekkatúnshvammur, Stekkatúnsklettur og Þvottadý. Líklega hefur verið stekkur á túninu á einhverjum tímapunkti en búið er að slétta túnið. Við vettvangskonunnun og athugun loftmynda fundust engin ummerki um minjar á yfirborði túnsins eða í nálægð við það.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Minjaheild	Auðkenni	
Austur - Skaftafellssýsla	Hornafjörður	Hornafjörður		40	
Jörð, núverandi	Jörð 1847	verkefnanúmer	minj id	Sérheiti	Undirnr.
Hoffell	Hoffell	3400	3400-40	Þvottadý	1

Skrásetjari	Heimsótt.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Svavar Nielsson	13.03.2025	E 676206.4, N 437919.6	Isn 93		

Tegund	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Heimild		Hoffell 2025	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert		Horfð	800-1900		Framkvæmdir	Töluverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Staðsett á túni Hoffells.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Hoffell. Guðmundur Jónsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Heimild um dý

Samkvæmt örnefnaskrá er örnefnið Þvottadý staðsett inn á túni Hoffells. Við vettvangskönnun og athugun loftmynda fundust engin ummerki um dý á yfirborði túnsins eða í nálægð við það.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Minjaheild	Auðkenni	
Austur - Skaftafellssýsla	Hornafjörður	Hornafjörður		41	
Jörð, núverandi	Jörð 1847	verkefnanúmer	minj id	Sérheiti	Undirnr.
Hoffell	Hoffell	3400	3400-41	Litla-Baðstofa	1

Skrásetjari	Heimsótt.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Svavar Nielsson	13.03.2025	E 675202.7, N 439331.0	Isn 93		

Tegund	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Heimild	Hellir	Hoffell 2025	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert		Ágætt	800-1900		Framkvæmdir	Töluverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Staðsett undir klettum Hoffellsfjalls.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Hoffell. Guðmundur Jónsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Heimild/Örnefni

Samkvæmt örnefnaskrá er skúti staðsettur undir klettum Hoffellsfjalls en þessi skúti er með nafnið Litla-Baðstofa. Aldur örnefnisins er óviss og erfitt er að meta hvort telja eigi þetta örnefni til fornminja.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Minjaheild	Auðkenni	
Austur - Skaftafellssýsla	Hornafjörður	Hornafjörður		42	
Jörð, núverandi	Jörð 1847	verkefnanúmer	minj id	Sérheiti	Undirnr.
Hoffell	Hoffell	3400	3400-42	Kvíaklettur	1

Skrásetjari	Heimsótt.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Svavar Nielsson	13.03.2025	E 675443.6, N 439253.3	Isn 93		

Tegund	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Heimild		Hoffell 2025	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert		Ágætt	800-1900		Framkvæmdir	Töluverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Klettur staðsettur í Hoffellsfjalli.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Hoffell. Guðmundur Jónsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Heimild/Örnefni

Klettur staðsettur í Hoffellsfjalli en ástæða fyrir nafngift hans mun vera sú að hann er talinn vera í laginu eins og kví.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Minjaheild	Auðkenni	
Austur - Skaftafellssýsla	Hornafjörður	Hornafjörður		43	
Jörð, núverandi	Jörð 1847	verkefnanúmer	minj id	Sérheiti	Undirnr.
Hoffell	Hoffell	3400	3400-43	Fremri-Kvíaklettur	1

Skrásetjari	Heimsótt.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Svavar Nielsson	13.03.2025	E 675375.9, N 439242.0	Isn 93		

Tegund	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Heimild		Hoffell 2025	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert		Ágætt	800-1900		Framkvæmdir	Töluverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Klettur staðsettur í Hoffellsfjalli.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Hoffell. Guðmundur Jónsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Heimild/Örnefni

Klettur staðsettur í Hoffellsfjalli en ástæða fyrir nafngift hans mun vera sú að hann er talinn vera í laginu eins og kví.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Minjaheild	Auðkenni	
Austur - Skaftafellssýsla	Hornafjörður	Hornafjörður		44	
Jörð, núverandi	Jörð 1847	verkefnanúmer	minj id	Sérheiti	Undirnr.
Hoffell	Hoffell	3400	3400-44	Merkisteinn	1

Skrásetjari	Heimsótt.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Svavar Nielsson	13.03.2025	E 673429.2, N 440322.1	Isn 93		

Tegund	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Heimild		Hoffell 2025	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert		Ágætt	1900-1950		Framkvæmdir	Töluverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Staðsettur á stalla utan í háu bergi.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Hoffell. Guðmundur Jónsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Heimild/Örnefni

Steinn sem var nefndur Merkisteinn þegar Helgi Hermann Eiríksson (1890-1974) byrjaði á jökulmælingum á þessu svæði. Aldur steinsins er óræður.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja.